ÓHÁÐ FRÉTTABLAÐ Á VESTFJÖRÐUM

Bæjarins besta

Miðvikudagur 18. nóvember 1998 • 46. tbl. • 15. árg.

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Fax 456 4564 • Netfang: bb@snerpa.is • Verð kr. 200 m/vsk

Mikinn reyk lagði frá Króknum og yfir Eyrina á Ísafirði á meðan á æfingunni stóð.

Æfing í reykköfun og slökkvistörfum

Mikinn reyk lagði yfir hluta bæjarins

Slökkvilið Ísafjarðar hélt æfingu sl. laugardag og tókst hún vel, að sögn Þorbjörns Sveinssonar slökkviliðsstjóra. Kveikt var í húsinu að Hnífsdalsvegi 35 á Ísafirði og æfð reykköfun og slökkvistörf, en síðan var húsið brennt til grunna, enda hafði verið ákveðið að fjarlægja það.

Lögreglan á Ísafirði var við umferðarstjórn á Hnífsdalsvegi meðan á æfingunni stóð og urðu smávægilegar tafir á umferð á meðan slökkviliðið var að koma sér fyrir, en æfingin hafði verið boðuð í Svæðisútvarpinu kvöldið áður.

Vindur var norðanstæður og lagði reykinn af brunanum inn yfir bæinn. Kvartað var við blaðið yfir því að æfingin skyldi haldin í þessari vindátt. Einnig var einhver óánægja vegna umferðartafa hjá fólki sem vissi ekki af æfingunni, en að sögn lögreglunnar bárust henni engar kvartanir eða óánægjuraddir út af þessu.

„Það heyrast yfirleitt alltaf einhverjar óánægjuraddir þegar við erum með æfingar“, sagði Þorbjörn í samtali við blaðið. „Vindáttina ráðum við ekki við, enda getur hún breyst mjög skyndilega, hvort heldur er um æfingu eða raunverulegan eldsvoða að ræða.“ Eldsvoðar hafa verið tiltölulega fátíðir hér vestra á seinni árum. „Ekki síst þess vegna verðum við að vera með æfingar til að halda slökkviliðinu í þjálfun, svo að við séum sem best undir það búnir þegar til alvörunnar kemur“, sagði Þorbjörn Sveinsson.

„Ég gerði bara það sem ég gat“

– segir Jens Markússon fyrrum skipstjóri, sem annaðist eiginkonu sína af einstakri natni í veikindum hennar.

Sjá nánar bls. 6 og 7.

Eigendunum hefur fækkað eftir því sem árunum hefur fjölgað

– sjá viðtal við Svanhildi Þórðardóttur í Legg og Skel á bls. 4, en fyrirtækið er 15 ára um þessar mundir.

Í TILEFNI AF AFMÆLI LEGGS OG SKELJAR BJÓÐUM VIÐ 15% AFSLÁTT AF ÖLLUM ÚLPUM LAUGARDAGINN 21. NÓVEMBER.
OPIÐ TIL KL. 16.
MUNIÐ! ALLTAF ER OPIÐ Í HÁDEGINU!

JÓN og GUNNA
Ljóninu • Skeiði • Sími 456 3464

Afmælisveisla!
Kökur og kræsingar laugardaginn 21. nóvember frá kl. 10-16.
Leggur og Skel 15 ára

LEGGUR OG SKEL fataverslun barnanna
Ljóninu • Skeiði • Sími 456 4070

Bæjarins besta

Útgefandi:
H-prent ehf.
Sólgötu 9, 400 Ísafjörður
☎ 456 4560
456 4564
Netfang prentsmiðju:
hprent@snerpa.is
Stafræn útgáfa:
http://www.snerpa.is/bb

Ábyrgðarmenn:
Sigurjón J. Sigurðsson
Halldór Sveinbjörnsson
Ritstjóri:
Sigurjón J. Sigurðsson
Blaðamaður:
Hlynur Þór Magnússon
Netfang ritstjórnar:
bb@snerpa.is

Bæjarins besta er í samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða. Eftirprentun, hljóðritun, notkun ljósmynda og annars efnis er óheimil nema heimilda sé getið.

LEIÐARI

Bókin

Fyrstu bækurnar hafa oltið niður hlíðar jólabókafjallsins í ár, niður á jólasölustrætin þar sem nú þegar verður ekki þverfótað fyrir gylliboðum af allskyns tagi, og innan skamms má búast við að skriðan falli með öllum sínum aragrúa bókatitla.

Um árabil óttuðust menn að bókin héldi ekki velli gagnvart öllu því afþreyingarefni sem þá var tekið að flæða yfir markaðinn. Sem betur fer reyndist uggur þessi ástæðulaus. Bókaútgáfa og sala bóka tekur af allan vafa um að bókin lifir góðu lífi þrátt fyrir allt, þótt ef til vill megi orða það svo að á annan hátt sé en áður fyrr.

Í eina tíð söfnuðu menn ekki bókum vegna söfnunaráráttu einnar saman heldur ekki síður vegna þess að bækur urðu verðmætari eftir því sem árunum frá útkomudegi þeirra fjölgaði. Trúlega hefur takmarkaður eintakafjöldi haft þar mest vægi, þótt ýmislegt annað komi þar að. Þessu er á annan veg farið í dag.

Nútíma prenttækni gerir bókaútgefendum kleift að dæla stöðugt nýrri og nýrri prentun inn á markaðinn uns jólagjafaeftirspurn eftir metsölubókinni er fullnægt. Á skiptidögum jólabókanna skilar útsog bókabylgjunnar verulegum hluta sölunnar aftur til forlagsins. Einu til tveimur árum síðar er bókin svo fáanleg á stórmarkaði bókaútgefenda fyrir allt að einum fimmta hluta upprunaverðs.

Þessi taktík bókaútgefenda, sem út frá skammtíma peningasjónarmiði er skilanleg, kemur í veg fyrir að upprunalegt verðgildi bókarinnar haldist, hvað þá að það aukist. Með þessu er líka vegið að verslun með eldri bækur. Fornbóksalar eru að eigin sögn deyjandi stétt. Heldur óskemmtileg tilhugsun það.

Með sárafáum undantekningum eru nýjar bækur ekki líklegar til að auka verðgildi sitt þegar þeim er hemjulaust mokað inn á jólamarkaðinn meðan nokkur von er í sölu. Um fjárfestingu í bókum er ekki að ræða í líkingu við það sem áður var.

Það er vissulega af hinu góða að sem flestir geti eignast bækur. Það er aftur á móti áleitin spurning hvort við séum á réttri leið í bókaútgáfu ef bókin fer að verða einnota, þ.e. ef okkur að loknum lestri stendur nokkurn veginn á sama um hana þar sem hún sé verðlaus hvort sem er.

Dags íslenskrar tungu var minnst fyrir tveimur dögum, á fæðingardegi listaskáldsins góða, sem orti um hana systur sína og hlaut hörpudisk að launum fyrir böguna. Meðan við höfum þann dag í heiðri og meðan orð renna úr penna líkt og hjá rithöfundinum sem verðlaunaður var þann dag er ástæða til að gleðjast yfir bókinni jafnvel þótt hún kunni að verða fárra króna virði er fram líða stundir.

s.h

ORÐ VIKUNNAR

Dúx

Orðið dúx hefur lengi verið notað í íslensku um þann sem er hæstur á prófi. Þetta orð er komið úr latínu, væntanlega með viðkomu í dönsku, og merkir leiðtoga eða foringja, þann sem er í fararbroddi og ræður ferð, hvort heldur í stríði eða friði.

Í ítölsku lifir þetta orð sem il duce, en það var titill Mussolinis fasistaforingja, á sama hátt og Hitler starfsbróðir hans í Þýskalandi bar titilinn der Führer.

Bakki hf. í Bolungarvík

Ekkert fararsnið á Þorbirni hf. með reksturinn

– þrátt fyrir tímabundinn samdrátt í rækjuvinnslu

Talsverður uggur er í Bolvíkingum varðandi framtíðaráform eigenda Bakka hf. í Bolungarvík, en Bakki er dótturfyrirtæki Þorbjörns hf. í Grindavík og að öllu leyti í eigu þess fyrirtækis. Bolvíkingar hafa kvartað yfir því að þeir fái ekkert að vita um áform Þorbjörnsmanna og haldið því fram að Grindvíkingarnir hafi ekki staðið undir upphaflegum væntingum og benda í því sambandi á samdrátt í vinnslu. Jafnframt hafa menn látið í ljós ótta um að Þorbjörn hf. muni innan tíðar „fara með allt draslið“ burt úr bænum, ekki síst eftir að ísrækjutogarinn Sturla fór suður fyrir um hálfum mánuði.

„Eru Bolvíkingar og aðrir ekki búnir að vera að spyrja um þetta alveg frá því að við komum þangað?“, sagði Gunnar Tómasson, stjórnarformaður Bakka hf. og einn af aðaleigendum Þorbjörns hf. í Grindavík þegar blaðið bar þessar áhyggjur Bolvíkinga undir hann. „Reyndar hafa þeir alltaf verið að spyrja um þessa hluti í gegnum einhverja fréttamenn. Það hefur varla komið nokkurt einasta símtal beint til okkar til að spyrja okkur sjálfa. Það kemur alltaf frá blaðamönnum og fréttamönnum“, sagði Gunnar.

„Ég get einungis svarað þessu þannig, að við erum þarna og ég veit ekki annað en við verðum þarna áfram. Ef einhverjir aðrir hafa aðra vitneskju um það, þá er það meira en við vitum. Við höfum vissulega dregið úr starfseminni, það er alveg ljóst. En það er ekki vegna þess að við höfum viljað það eða stefnt að því, heldur er þar við aðstæðurnar að sakast. Það hefur dregið stórlega úr rækjuveiðinni. Við höfum lagt aðaláherslu á rækjuna, því að þar höfum við haft ágætis afkomu þegar við höfum haft nóg hráefni. Við höfum nokkurn veginn náð að merja það fram undir þetta frá mánuði til mánaðar að hafa nægilegt hráefni í rækjuvinnsluna í Bolungarvík, þó að nú hafi syrt nokkuð í álinn. Við höfum verið með skip á rækjuveiðum fyrir vestan, en nú erum við búnir að taka tvö þeirra suður yfir hörð-

Snerpa heldur ráðstefnu um aldamótavanda

Fer fram samtímis á Ísafirði og Patreksfirði um fjarfundakerfi

Tölvu- og netþjónustan Snerpa á Ísafirði efnir til ráðstefnu til fræðslu um vandamál tengd ártalinu 2000 í tölvu- og upplýsingakerfum nk. laugardag, þann 21. nóvember kl 14 í matsal Framhaldsskóla Vestfjarða á Ísafirði og jafnframt í bókasafninu á Patreksfirði um fjarfundakerfi framhaldsskólans.

Meðal ræðumanna verða Ingólfur Helgi Tryggvason, framkvæmdastjóri Hugmóts hf. sem m.a. hefur sérhæft sig í ráðgjöf um þetta efni. Einnig Jóhann Gunnarsson sérfræðingur í fjármálaráðuneytinu og ritari 2000-nefndar fjármálaráðherra, Kristján Haraldsson orkubússtjóri hjá Orkubúi Vestfjarða og Jón Arnar Gestsson frá Snerpu. Fluttar verða framsögur og jafnframt verður svarað fyrirspurnum úr sal um málefnið.

Ráðstefnan er sú fyrsta sem einkaaðilar efna til um þetta efni hér á landi og jafnframt er blað brotið að því leyti að hagnýttur er í þessu skyni sá búnaður sem undanfarið hefur nýst framhaldsskólanum í fjarkennslu á háskólastigi.

Meðal efnis í fyrirlestrum verður umfjöllun um orsakir vandans og útbreiðslu, viðbrögð, hvort sá tími sem til stefnu er er nægur, líkleg áhrif hérlendis og erlendis, hvernig hægt er að undirbúa sig, hvaða áherslur leggur hið opinbera á í þessu efni, birgðasöfnun, varaleiðir og margt fleira er að 2000-vandanum snýr.

Þá verður bent á leiðir til að lágmarka afleiðingar vandans og einnig verður dreift á ráðstefnunni upplýsingum um hvernig má samræma lausn á 2000-vandanum og önnur verkefni í tölvu-, sjálfvirkni- og upplýsingamálum.

Fundarstjóri á Ísafirði verður Halldór Halldórsson bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar og á Patreksfirði verður fundarstjóri Haukur Már Sigurðarson, forseti bæjarstjórnar í Vesturbyggð.

Áfangi í byggingu nýja skíðaskálans í Tungudal

Sextíu sjálfboðaliðar hafa lagt hönd að verki

„Reisugildi“ neðri hæðar nýja skíðaskálans í Tungudal var haldið sl. föstudag. Í ávarpi Páls Sturlaugssonar, sem verið hefur helsta drifjöður framkvæmdanna, kom fram varðandi forsöguna, að í maí 1995 fóru foreldrar skíðabarna fram á það við bæjaryfirvöld Ísafjarðar að fá að reisa félagsaðstöðu á Seljalandsdal í stað þeirrar sem fór í snjóflóðinu árið áður. Það fékkst ekki, en boðið var að byggja í samvinnu við bæjarsjóð, troðarageymslu og félagsaðstöðu í Tungudal.

„Við féllumst á það“, sagði Páll, „og leituðum við Eyjólfur Bjarnason þáverandi forstöðumaður tæknideildar bæjarins til Einars Ólafssonar um að koma með hugmyndir að hugsanlegri húsbyggingu. Einar skilaði uppkasti í júní 1995, og síðan hefur eitt og annað komið upp á sem tafið hefur framkvæmdir. Skrifað var undir samning við þáverandi bæjarstjóra, Kristin Jón Jónsson, hinn 3. júní 1998, um að foreldrafélag skíðabarna tæki að sér að reisa þeirra hluta hússins. Í framhaldi af því var leitað til Eiríks og Einars Vals um að aðstoða okkur við að reisa þetta hús... Svona átak vinnst ekki nema margir taki þátt í því. Ég vil



Teikning af skíðaskálanum.

þakka öllum þeim, um 60 sjálfboðaliðum, sem hafa með einum eða öðrum hætti lagt þessu lið“, sagði Páll Sturlaugson.

Húsnæði Bakka hf. í Bolungarvík.

ustu mánuðina. Til dæmis gerðum við ísrækjutogarann Sturlu út frá Bolungarvík í fyrravetur, en það gafst alls ekki nógu vel, þannig að við ákváðum strax eftir reynsluna þá að hafa hann fyrir sunnan núna í vetur eða fram í mars-apríl, en þá förum við með hann aftur vestur í Bolungarvík. Við höfum reynt að leigja til okkar skip til þess að veiða rækju fyrir vinnsluna í Bolungarvík, en þar er ekki um auðugan garð að gresja. Við höfum ekki náð samningum við neinn aðila, en við erum enn að reyna. Okkar áform eru þau, að halda áfram þeirri rækjuvinnslu sem við höfum verið með í gangi vestra."

– Þið eruð sem sagt ekkert á förum frá Bolungarvík...

„Nei, alls ekki. Við höfum einnig verið að reyna að ná samningum við menn um að taka þátt í starfsemi okkar í Bolungarvík og koma inn í bolfiskvinnsluna með okkur og rækjuvinnsluna líka ef vill. Við erum opnir fyrir öllu í því sambandi. Þessi mál eru á umræðustigi", sagði Gunnar.

Lögreglan á Ísafirði hefur að undanförnu farið í heimsóknir í grunnskólana, spjallað við yngstu nemendurna og gefið þeim góð ráð í umferðinni og endurskinsborða að auki. Þessar heimsóknir eru mjög mikilvægar, því að miklu skiptir að börnin skilji sem fyrst hlutverk lögreglunnar – að gera umhverfi okkar og lífið allt öruggara og aðstoða þá sem hjálpar þarfnast – hvort sem það er mannfólkið eða köttur uppi í staur. Á meðfylgjandi mynd sjást nemendur 1. bekkjar með endurskinsborðana ásamt kennurum og lögregluþjóninum, Rögnvaldi Ólafssyni.

Þessir kappar hafa að öðrum ólöstuðum, lagt hvað mesta vinnu í byggingu skálans, og allt í sjálfboðavinnu. F.v. Páll Sturlaugsson, Eiríkur Kristófersson, Jóhann R. Símonarson, Einar Valur Kristjánsson, Kristinn Jón Jónsson, Guðmundur Kristjánsson, Jóhann Torfason og Gunnar Arnórsson.

Þær Kristín Hálfdánsdóttir, Sigurborg Þorkelsdóttir og Emma Rafnsdóttir voru að vonum ánægðar með áfangann og buðu upp á „stríðstertur" og fleira í tilefni dagsins.

SKG Veitingar

Hótel Ísafjörður

Tísku sýning

Fatnaður – Skartgripir – Blómaskreytingar

Föstudagskvöldið 20. nóvember

Sýnd verða föt frá Jóni og Gunnu, Legg og Skel og Krismu.

Kynntir verða skartgripir frá Gullauga og blómaskreytingar frá Blómaturninum.

Kvöldverðartilboð*

Rauðvínssoðnir sjávarréttir með grænmetisstrimlum, framreiddir í smjördeigskænu. Súkkulaðigóðgæti með hindberjamauki og jarðarberjum.

Kr. 1.690.-

* Með kvöldverðartilboðinu er happdrættismiði og verða dregnar út veglegar úttektir frá sýnendum.

Kvöldverður hefst kl. 19:00.

Borðapantanir í síma 456 4111.

JÓN og GUNNA
Ljóninu, Skeiði, Ísafirði, sími 456 3464

LEGGUR OG SKEL
fataverslun barnanna
Ljóninu, Skeiði, sími 456 4070

Gullauga

Blómaturninn
AÐALSTRÆTI 21
400 ÍSAFIRÐI
SÍMI / FAX 456 5297

KRISMA
Ljóninu Skeiði
456 4414

Deildarkeppnin í skák

Bolvíkingar efstir í 2. deild

Fyrri hluti Deildarkeppni Íslands í skák fór fram um síðustu helgi. Í 2. deildinni eru átta sex manna sveitir þar sem allir tefla við alla. Eftir fjórar fyrstu umferðirnar hafa Bolvíkingar hlotið 19,5 vinninga og hafa þriggja vinninga forskot á A-sveit Garðbæinga.

Síðari hlutinn fer fram í mars en þá mæta Bolvíkingar, Garðbæingum í síðustu umferð og má telja líklegt að um úrslitaviðureign verði að ræða. Á sama tíma fór fram keppni í 1. deild, en þar eiga Hólmvíkingar sveit og eru í 6. sæti eftir fyrri umferð.

Sveit Bolvíkinga skipa eftirfarandi skákmenn: Guðmundur Gíslason, Halldór Grétar Einarsson, Magnús Pálmi Önrólfsson, Guðmundur Daðason, Stefán Andrésson, Unnsteinn Sigurjónsson, Magnús Sigurjónsson og Gísli Guðjónsson.

Atvinna

Óskað er eftir fólki til jólahreingerninga í heimahúsum.

Upplýsingar gefur Helga í síma 456 7113.

Félagsmálaráð Bolungarvíkur.

Bolungarvík

Poppmessa í Hólskirkju

Þessa dagana er fjórtán manna hópur fólks á öllum aldri að æfa trúarlega lofgjörðartónlist, sem flutt verður í svokallaðri poppmessu sem fram fer í Hólskirkju í Bolungarvík nk. sunnudag kl. 20:30.

Messan verður tileinkuð ungu fólki, en hugmyndin að poppmessunni kom frá 19 ára Bolvíkingi, Einar Erni Konráðssyni. Í messunni verða m.a. lesin ljóð eftir ungt fólk og predikunarorð og bænagjörð verða sömuleiðis tileinkuð ungu fólki.

Sr. Magnús Erlingsson sóknarprestur á Ísafirði mun predika en hann er nú þjónandi sóknarprestur í Bolungarvík.

Vonast aðstandendur messunnar til að sem flestir leggi leið sína í Hólskirkju á sunnudagskvöld, en kirkjan verður upplýst kertaljósum og messuformið með töluvert öðrum hætti en venja er.

BARNAFATAVERSLUNIN LEGGUR OG SKEL 15 ÁRA

Eigendunum hefur fækkað eftir því sem árunum hefur fjölgað

– og nú er Svanhildur Þórðardóttir ein eftir

Leggur og skel, fataverslun barnanna í Ljóninu á Ísafirði, er fimmtán ára þessa dagana. Það er ekki hár aldur ef miðað er við æviskeið skjaldbökunnar, en af barnafataverslun að vera er hún nokkuð tekin að reskjast. Eigendurnir voru upphaflega fjórar konur, en þrjár hafa horfið til annarra starfa og nú er Svanhildur Þórðardóttir eini eigandinn. Nafn búðarinnar er eins og nærri má geta fengið úr ævintýri Jónasar Hallgrímssonar um barnagullin íslensku.

„Upphafið má rekja til þess, að Sigrún Magnúsdóttir, núverandi yfirmaður bókasafnsins á Akureyri, fluttist hingað ásamt eiginmanni sínum, Jóni Jóhannessyni líffræðingi“, sagði Svanhildur í samtali við blaðið í tilefni afmælisins. „Þau voru þá með eitt barn og fljótlega fannst Sigrúnu ákaflega lítið vera til hér á Ísafirði af vörum fyrir barnið.

Hún er mikil framkvæmdamanneskja og lét ekki sitja við orðin tóm, heldur safnaði hún að sér fólki til að koma á fót verslun. Við þekktumst ágætlega og hún talaði við mig, ég talaði við mágkonu mína, Önnu Lóu Guðmundsdóttur, og hún talaði við Herdísi Viggósdóttur. Og það varð úr, að við fjórar stofnuðum verslunina 23. nóvember 1983 í helmingnum af því húsnæði sem hún er í núna. Þetta var fyrsta búðin sem opnuð var uppi á lofti í Ljóninu. Síðan kom Krisma og svo hver af annarri, þannig að loftið fylltist fljótlega. En nú er svo komið, að Leggur og skel, elsta verslunin á efri hæðinni í Ljóninu, er sú eina sem eftir er með upphaflegum eiganda.

Og reyndar veit ég aðeins um eina barnafataverslun í Reykjavík, sem hefur verið rekin af sama eiganda frá því að við byrjuðum. Það er verslunin Englabörn, en hún hét að vísu öðru nafni þegar við byrjuðum. Þannig að það er ekki einhlítt að verslanir verði þetta gamlar, og líklega síst af öllu fatabúðir.

Fljótlega stækkuðum við verslunina, þar sem við fengum strax mjög góðar viðtökur og höfðum ekki nóg pláss fyrir allar þær vörur sem við þurftum að hafa. Rúmu ári seinna fórum við af stað með saumastofu sem við nefndum Hleina. Þar vorum við fimm – auk okkar fjögurra var Sigrún Lyngmo, sem þá var nýútskrifaður klæðskeri. En það var eins og var með margar saumastofur á þeim árum og er enn, að sá rekstur gekk ekki. Við héldum þessu áfram í fáein ár og við Herdís urðum einar eftir í búðinni, en Sigrún og Anna Lóa unnu í Hleinum en áttu áfram sína hluti í Legg og skel. En þegar saumastofan hætti fyrir ellefu árum fór Sigrún Magnúsdóttir til Akureyrar og Anna Lóa fór til annarra starfa og við Herdís keyptum þeirra hluti. Þá fór ég að vinna allan daginn í búðinni, en fram að því hafði ég unnið annað með. Ég vann á Skattstofunni þegar ég byrjaði og hélt því áfram í hálfu starfi, en 1988 fór ég alveg í búðina og þar störfuðum við tvær þangað til Herdís fluttist burtu í vor. Og nú er ég ein eftir, ég keypti hennar hlut og er ein með verslunina og hef hugsað mér að halda áfram með hana næstu tíu-fimmtán árin ef vel gengur, því að þetta er afskaplega skemmtilegt starf, alltaf eitthvað nýtt á hverjum degi. Blessuð börnin eru alltaf svo yndisleg – eða oftast nær! Fyrstu kúnnarnir sem voru börn fyrir fimmtán árum eru nú byrjaðir að koma með börnin sín á handleggnum. Því miður er ég ekki svo heppin að hafa dætur mínar hér nálægt mér. Þær hafa vissulega mikinn áhuga á verslun, en þær búa allar fyrir sunnan. Best er þegar hver kynslóðin getur tekið við af annarri, eins og þekktast er hér vestra í Björnsbúð og Bókhlöðunni. Það hefur líka gerst í þeim heildverslunum sem ég hef átt mest viðskipti við. Hjá Ágústi Ármann er það þannig og einnig hjá Hannesi Wöhler. Ég öfunda þá sem geta haft börnin sín með sér, því að þau eru yfirleitt virkilega gott og traust starfsfólk fyrir framtíðina.“

– Það er alltaf nóg framleiðsla af börnum hér vestra...

„Já, það skortir ekki börnin.“

– Er mikil samkeppni við búðir fyrir sunnan?

„Það er mikil samkeppni við allt mögulegt, búðir fyrir sunnan, vörulista og það sem fólk er að versla í utanlandsferðum. Það er alltaf stöðug samkeppni við að halda verðinu niðri en gæðunum uppi. Stefnan í Legg og skel hefur alltaf verið sú, að hægt sé að treysta

TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL

HAFNARSTRÆTI 1 • ÍSAFIRÐI

456 3940 & 456 3244 • Fax: 456 4547 • Netfang: tryggvi@snerpa.is

Fasteignaviðskipti

Fasteignir í þessari auglýsingu eru aðeins sýnishorn af söluskrá skrifstofunnar. Allar frekari upplýsingar varðandi söluskrá fasteigna eru veittar á skrifstofunni að Hafnarstræti 1, 3. hæð.

Einbýlishús / raðhús

Fagraholt 5: 140,6 m² einbýlishús á einni hæð **í mjög góðu standi ásamt bílskúr. Verð kr. 11,500,000,-**
Góuholt 1: 142 m² einbýlishús í góðu standi á einni hæð ásamt bílskúr. **Áhv. ca. 5,8 millj. Verð kr. 11,600,000,-**
Góuholt 3: 140,7 m² einbýlishús á einni hæð **ásamt bílskúr. Möguleg skipti á minni eign. Áhv. ca. 2,7 millj. Laust strax. Verð kr. 12,000,000,-**
Hafraholt 22: 144,4 m² enda raðhús á tveimur hæðum ásamt **22,4 m² bílskúr. Áhv. ca. 2,5 millj. Verð kr. 9,500,000,-**
Hjallavegur 4: 242 m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt **bílskúr. Fallegt útsýni. Tilboð óskast.**
Hjallavegur 19: 242 m² einbýlishús á 2 hæðum ásamt **innbyggðum bílskúr. Sér íbúð á n.h. Ymis skipti möguleg. Áhv. ca. 5 millj. Verð kr. 10,500,000,-**
Hlíðarvegur 31: 130 m² einbýlishús á 2 hæðum **ásamt bílskúr. Húsið er nær allt uppgert að utan sem innan. Mjög gott útsýni. Verð kr. 10,700,000,-**
Hnífsdalsvegur 13: 160 m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt kjallara og geymsluháalofti. **Áhv. ca. 1,7 millj. Verð kr. 5,300,000,-**
Kjarrholt 2: 173,6 m² einbýlishús á einni hæð ásamt **góðum tvöföldum bílskúr. Áhv. ca. 3,7 millj. Verð kr. 13,200,000,-**
Móholt 3: 142,4 m² einbýlishús á einni hæð ásamt **bílskúr. Möguleg skipti á minni eign. Áhv. ca. 2,3 millj. Verð kr. 11,000,000,-**
Skólavegur 1: 62,8 m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt **kjallara og þurrkhjalli. Áhv. ca. 3 millj. Verð kr. 3,700,000,-**
Tangagata 15b: 103 m² einbýlishús á 2 hæðum **ásamt geymsluskúr (nýtist sem herbergi). Laust fljótl. Áhv. ca. 3,3 millj. Verð kr. 6,200,000,-**
Urðarvegur 26: 236.9 m² raðhús á tveimur hæðum ásamt **innbyggðum bílskúr. Ekkert áhvílandi. Verð kr. 11,800,000,-**

4-6 herbergja íbúðir

Fjarðarstræti 32: 112,7 m² 4ra herbergja íbúð á tveimur hæðum í tvíbýlishúsi ásamt **bílgeymslu. Verð kr. 5,900,000,-**
Fjarðarstræti 38: 130 m² 4ra herb. íbúð á tveimur hæðum í þríbýlishúsi. **Áhv. ca. 3,4 millj. Möguleiki á lánum að fjárhæð 4,9 millj. Verð kr. 7,000,000,-**
Seljalandsv. 20: 161,2 m² 5-6 herb. íbúð á efri hæð í tvíb.húsi ásamt **bílskúr. Íbúðin mikið uppgerð. Áhv. ca. 5,2 millj. Verð kr. 10,700,000,-**
Tangagata 8a: 106,5 m² 4-5 herbergja íbúð á þremur hæðum. **Tilboð óskast.**
Urðarvegur 25 (Hraunprýði): 154,6 m² 5-6 herb. íbúð á 2 hæðum ásamt **bílskúr. Skipti á ódýrari eign möguleg. Áhv. ca. 1,6 millj. Verð kr. 9,300,000,-**

3ja herbergja íbúðir

Aðalstræti 20: 98 m² íbúð á 2. hæð t.h. í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu. **Áhv. ca. 4,2 millj. Verð kr. 7,200,000,-**
Brunngata 12a: 68 m² íbúð á efri hæð, að hluta undir risi, í tvíb.húsi ásamt **sér geymslu. Áhv. ca. 1,8 millj. Verð kr. 3,000,000,-**
Fjarðarstræti 13: 80 m² íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi. Tvö **auka-herbergi**, eitt í kjallara og eitt í risi. **Áhv. ca. 1,5 millj. Verð kr. 5,700,000,-**



Seljalandsvegur 12:

145,1 m² einbýlishús á þremur hæðum ásamt **eignarlóð. Áhv. ca. 1,8 millj. Verð kr. 7,500,000,-**

Stórholt 13: 79,2 m² íbúð á 3ju hæð til hægri í fjölbýlishúsi ásamt **sér geymslu. Verð kr. 6,000,000,-**

2ja herbergja íbúðir

Hlíðarvegur 18: 64,5 m² íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. **Áhv. ca. 1,7 millj. Tilboð óskast.**
Túngata 18: 53,4 m² íbúð á jarðhæð í nýlega uppgerðu fjölbýlishúsi ásamt **sér geymslu. Verð kr. 4,300,000,-**
Túngata 18: 53,4 m² íbúð á 3ju hæð fyrir miðju í nýlega uppgerðu fjölbýlishúsi ásamt sér **geymslu. Áhv. 350 þúsund. Tilboð óskast.**
Urðarvegur 78: 73,2 m² íbúð á 3ju hæð f.m. í fjölb.húsi ásamt sér geymslu. **Íbúðin er laus strax. Áhv. ca. 2,7 milj. Öll tilboð skoðuð. Verð kr. 5,000,000,-**

Bolungarvík

Hafnargata 7: 70 m² 3ja herb. íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi ásamt **helmingi kjallara. Tilboð óskast.**

Súðavík

Holtagata 26: 86,9 m² parhús á einni hæð **byggt 1996. Verð kr. 5,500,000,-**

Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar skrifar:

Skoðanaskipti um mikilvæg málefni eru af hinu góða

Fyrrum bæjarfulltrúar skrifa í síðustu viku athugasemdir við minnisblað mitt sem dreift var til bæjarfulltrúa á bæjarstjórnarfundi 15. október s.l. Við lestur greinar þeirra kemur strax í ljós að þau hafa misskilið minnisblaðið og ætla ég að fara nokkrum orðum um það án þess að þó að fara yfir hvern einasta þátt þeirrar greinar þar sem það þýddi svo langa grein að enginn læsi hana. Skoðanaskipti um mikilvæg málefni eru af hinu góða og því vil ég þakka greinaskrifin.

Talað er um villandi samanburð í grein fyrrum bæjarfulltrúa og er hægt að taka undir það að allur samanburður getur verið villandi enda er settur fyrirvari í minnisblaði mínu þar sem um áætlaðar tölur er að ræða.

Sé villandi í þessu minnisblaði að bera saman framkvæmdakostnað við Austurveg annars vegar og við Torfnes hins vegar þar sem gefnar eru sömu forsendur varðandi það hversu mikið framkvæmd getur farið fram úr áætlun, þá hlýtur líka að vera villandi að reikna út framkvæmdakostnað við Torfnesleiðina, eins og fyrrum bæjarfulltrúar gera, og komast að þeirri niðurstöðu að hún hefði kostað 3,9 milljónir þegar bara hluti af þeirri lausn, laust kennsluhús, átti að kosta tæpar 23 milljónir.

Fyrrum bæjarfulltrúar halda því fram að í samanburði beri ég einungis saman kostnað við Austurveg 2 að frátöldum öðrum kostnaði. Til að bera tvær framkvæmdir saman verður að taka annan kostnað frá eins og búnaðarkaup og viðhald á húsnæði Grunnskólans sem hefði orðið sá sami án tillits til þess hvort Austurvegur eða Torfnesleið hefði verið farin.

Fulltrúar K-lista benda hins vegar á í grein sinni að rétt væri í svona samanburði að taka tillit til þess kostnaðar sem fallin var á Torfnes hvort sem var og tek ég undir það. Slíkur samanburður er skynsamlegur vegna þess að hann segir hvað bæjarsjóður er að borga í framkvæmdir. Þau benda einnig á að ég hafi ekki reiknað inn kaupverðið á Austurvegi 2, það er líka rétt, en bent er á það í minnisblaðinu að ekki er heldur reiknað með kostnaði við nýja aðstöðusköpun fyrir íþróttahreyfinguna hefði Torfnesleiðin verið farin.

Sá samanburður breytir því ekki að niðurstaða mín er sú að Torfnesleið hefði orðið mun dýrari miðað við þær tölur sem þekktar eru í dag. Einnig að þrátt fyrir mikinn vilja við yfirlestur útreikninga fyrrum bæjarfulltrúa sannfærist ég ekki um að Torfnesleiðin hefði einungis kostað 3,9 milljónir.

– Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar.

gæðunum og þess vegna fékk hún á sig þann stimpil að vera fremur dýr. En hún er það ekki lengur. Ég er búin að sannreyna að það er alls ekki í dag. Það er að vísu hægt að fá ódýrari hluti, en það er þá bara á kostnað gæðanna.

Á árum áður gerðum við mikið af því að fara út. Við vildum velja sjálfar en ekki láta heildsalana velja fyrir okkur. En nú hefur orðið sú breyting, og þar reið Ágúst Ármann á vaðið, að fá erlendu fyrirtækin til að koma hingað til lands og hafa sölusýningar tvisvar á ári. Þetta hefur mælst vel fyrir og við gátum í rauninni hætt að fara út. Við höfum verið svo heppnar að hafa mjög góða birgja, og þar er einmitt fyrst að telja Ágúst Ármann, sem er með um helminginn af viðskiptum okkar. Síðan eru tvær aðrar heildsölur, Sportís og Hannes Wöhler & Co. sem eru hinir burðarásarnir hjá okkur. Viðskiptin við þessi fyrirtæki hafa verið mjög góð og hreint ómetanleg. Síðan eru margir aðrir sem við skiptum við. Þegar við stækkuðum búðina bættum við barnavögnum og kerrum við okkur og erum í viðskiptum við yfirleitt flesta sem flytja inn barnavörur. Að vísu skilur maður að fólk þarf að fara suður og skoða, enda hef ég ekki tök á því að vera með öll merki í búðinni, en ég er þá með bæklinga og hringi og panta fyrir fólk. Og það er ekki hægt að segja annað en að ég selji mikið af barnavörunum, enda er enginn annar á norðanverðum Vestfjörðum sem sinnir þessu."

– Fyrir hvaða aldur?

„Það átti að vera alveg fram undir fermingu. En íslensku börnin í dag eru orðin svo stórvaxin, að erlendir fataframleiðendur hafa hreinlega ekki nógu stóran fatnað á þau. Við tólf ára aldur eru þau orðin kannski 1,60 til 1,70 á hæð og farin að nota skó nr. 40. En það kemur oft upp sú staða, að krakkarnir vilja ekki hætta að versla í Legg og skel. Þau hafa verið hjá okkur frá því að þau voru pínulítil og kunna ekki annað og vilja ekki annað. Þau streitast við og segja: Áttu örugglega ekkert fyrir mig? Ég reyni vissulega að sinna þeim líka, en það hefur því miður ekki verið nógu mikið framboð af stórum fatnaði fyrir þau. En hér eru bæði ágætar tískuverslanir og ágætar íþróttavöruverslanir, sem þau skipta mikið við."

– Hvað vinna margir í Legg og skel?

„Eftir að Herdís fór var ég svo heppin að fá mjög góða konu í fast starf hálfan daginn, sem er Anna Karen Kristjánsdóttir, og síðan er Sigríður Þóra Hallsdóttir hjá mér tvisvar-þrisvar í viku eftir því sem þörf krefur. Ég hef verið svo heppin að fá mjög gott fólk með mér eftir að Herdís fór. Ég vona bara að það haldist, enda byggist allt á því að hafa gott starfsfólk."

– Hvað hefur helst breyst á þessum fimmtán árum? Eru eins miklar sviptingar í tískunni hjá börnum og hinum eldri?

„Það eru alltaf einhverjar sviptingar á því sviði. En mesta breytingin er sú, að barnaföt voru miklu, miklu dýrari þegar við byrjuðum. En neytendur sættu sig einfaldlega ekki við verðlagið og heildsalar urðu að beygja sig undir það, leita að ódýrari vörum og ná niður verðinu með öllum ráðum. Smásöluverslanirnar gátu lítið gert, því að við getum ekki hlaupið út um allan heim til að leita að ódýrri vöru. Það er aftur á móti í verkahring heildsalanna, ef þeir ætla að sinna sínu starfi, og það gerðu þeir vissulega, en ekki fyrr en í fulla hnefana, þegar fólk var einfaldlega farið að versla meira og minna erlendis. En nú er svo komið, að það er ekki lengur neinn hagur að því að fara utan til að versla. Þar eru sambærilegar vörur yfirleitt eins dýrar eða jafnvel dýrari, því að álagning í verslunum í löndunum í kringum okkur er hærri en hér."

– Er húsbóndinn [Magni Örvar Guðmundsson] eitthvað í afgreiðslunni hjá þér?

„Nei, en einkum eftir að ég varð ein hefur hann stutt mig og hjálpað mér mjög mikið og reyndar hefur fjölskyldan gert það allan tímann. Við nutum þess sérstaklega þegar við vorum að byggja búðina upp, að þá voru eiginmennirnir allir boðnir og búnir að hjálpa okkur og hafa alltaf verið reiðubúnir að hlaupa til ef einhvers hefur þurft við. En afgreitt hafa þeir ekki!"

Núna á laugardaginn verður afmælisveisla í Legg og skel og þá koma allir fyrrverandi eigendur og afgreiða og athuga hvort þær hafi nokkru gleymt. „Herdís hefur nú örugglega engu gleymt, það er svo stutt síðan hún fór. Sigrún kemur að norðan og Anna Lóa er hér á Ísafirði. Við ætlum að eiga góðan og skemmtilegan dag saman og rifja upp þessi góðu ár sem við áttum saman í þessum rekstri", segir Svanhildur Þórðardóttir.

Jólagjafahandbók

Hin árlega jólagjafahandbók BB kemur út föstudaginn 11. desember. Líkt og fyrr verður handbókinni dreift ókeypis til íbúa á norðanverðum Vestfjörðum og hún verður öll litprentuð.

Auglýsendur athugið! Mjög takmarkað auglýsingapláss er eftir í jólagjafahandbókinni og því er þeim sem hafa áhuga á auglýsingu bent á að hafa samband við Sigurjón sem fyrst í ..... síma **456 4560**.

Ath! Miklar pantanir hafa einnig borist í auglýsingar í öðrum tölublöðum BB í desember.

Á línunni hjá Hlyni Þór

Gunnlaugur Jónasson í Bókaverslun Jónasar Tómassonar

„Morgunblaðið þurfa allir að lesa"

Er jólaverslunin komin í gang, Gunnlaugur?

Já, hún er að byrja. Nýju bækurnar streyma inn daglega og margar komnar af þeim sem helst hafa vakið athygli og umtal, bæði ævisögur og skáldsögur.

Er ennþá svo langt til jóla að fólk sé að kaupa til þess að lesa sjálft eða er þegar farið að kaupa bækur til jólagjafa?

Það er nú hvort tveggja. Sá tími er að koma þegar menn kaupa fremur til að gefa vinum og kunningjum. Á haustin eru menn hins vegar fremur að kaupa fyrir sjálfa sig.

Bækurnar koma og fara, sumar lifa en margar hverfa í gleymskunnar dá. En Morgunblaðið stendur sína plikt og Bókaverslun Jónasar Tómassonar á Ísafirði er senn áttatíu ára. Í auglýsingu í blaði á Ísafirði árið 1923 segir: „Morgunblaðið, stærsta dagblað landsins, þurfa allir að lesa. Útsölumaður á Ísafirði er Jónas Tómasson bóksali." Morgunblaðið fæst væntanlega enn á sínum stað...

Já, Morgunblaðið var til afgreiðslu hér í þessu fyrirtæki. Þetta sem þú nefnir var nú nokkuð löngu fyrir mitt minni. Þegar ég var krakki og fór að bera út blöð var Mogginn reyndar ekki hérna. Það kastaðist eitthvað í kekki, af pólitískum ástæðum, tel ég, milli bóksalans og útgefenda Morgunblaðsins á þeim tíma. Ég var á fyrstu árunum að hlaupa í hús með Tímann og Alþýðublaðið. En seinna var Morgunblaðið aftur til afgreiðslu hér.

Seldist ekki Alþýðublaðið betur en Tíminn?

Jú, í dentíð var Alþýðublaðið aðalblaðið, að minnsta kosti hér. Þegar ég var að vinna við blaðaútburð komu oft mörg tölublöð í einu, því að þá komu dagblöðin með skipaferðum en ekki flugvélum, þannig að þetta gat verið talsverður stafli af blöðum sem þurfti að bera út hverju sinni.

„Ég gerði bara það sem ég gat“

– segir Jens Markússon fyrrum skipstjóri, sem annaðist eiginkonu sína af einstakri natni í veikindum hennar



Ísfirðingar hafa væntanlega flestir tekið eftir rosknum manni sem oft er á ferð um götur bæjarins á litlum, ljósum jeppa af gerðinni Daihatsu Feroza. Ósjaldan bregður hann sér líka til Súðavíkur, enda eru rætur hans þar. Naumast hefur þessi maður verið tekinn fyrir of hraðan akstur, a.m.k. ekki á seinni árum. Jens Markússon býr nú hálfáttræður einn í húsi sínu við Hnífsdalsveginn á Ísafirði, í Króknum alveg niður við sjóinn. Eiginkonu sína, Elínu Óladóttur, missti hann fyrir nokkrum misserum. Það vakti sérstaka athygli og umtal í bænum, af hvílíkri natni hann annaðist konu sína í veikindum hennar.

Lengst af stundaði Jens Markússon sjómennsku, ýmist hér vestra, nyrðra eða syðra, og var lengi stýrimaður og skipstjóri á fiskibátum. Kunnugir segja að hann hafi verið einstök aflakló. Eftir að heilsan tók að gefa sig fór Jens í land, eins og gengur, og starfaði árum saman í Ísafjarðarbíói. Og þó að hann sé hættur veiðum á þorski og ýsu, þá veiðir hann enn á hverju sumri. Nú er það laxinn í ánum inni í Djúpi.

Þegar nefnt er við Jens að setjast að spjalli um ævi hans og störf, segir hann eins og svo margir, að hann hafi ekkert að segja. En annað kemur á daginn. Frásagnargáfa hans er lipur og allt að því óstöðvandi og hann á ótal minningar frá langri ævi og löngum og litríkum sjómannsferli. Og þegar upp er staðið er efnið svo mikið, að því fer fjarri að því verði gerð nein viðhlítandi skil í einu viðtali í blaði, ekki einu sinni þótt úr því væri unnið lengsta blaðaviðtal frá upphafi vega á Vestfjörðum.

Einn kafli úr ævisögu

Þess vegna er valinn sá kostur, að taka hér út úr frásögn Jens Markússonar aðeins einn kafla í ævi hans, og líklega þann erfiðasta, en láta sjómannsferilinn og ævintýri hans bíða betri tíma. Og það þarf ekki að ganga eftir Jens að segja frá því sem hér fer á eftir; þvert á móti virðist honum léttir að leysa frá skjóðunni og segja frá hinum erfiðu stundum í kringum veikindi og andlát Ellu sinnar, eins og hann nefnir eiginkonu sína gjarna.

Elín og Jens eignuðust þrjár dætur. Tvær þeirra eru búsettar syðra, en hin þriðja býr hér vestra og starfar á sjúkrahúsinu. Eins og áður var nefnt, var Jens ákaflega natinn við Ellu sína í veikindum hennar og lifði fyrir að gera henni lífið sem léttbærast, svo að umtalað var.

Tók eiginkonuna heim af elliheimilinu

„Ég hæli mér ekki fyrir það. Ég gerði bara það sem ég gat“, segir hann. „Þeir skipuðu mér að setja hana á elliheimilið, en mér líkaði illa að hafa hana þar. Eftir að hún var búin að vera þar mánaðartíma tók ég hana heim aftur.

Mér fannst að ég yrði að taka hana þaðan. Ég var hjá henni fram til ellefu á kvöldin, en mér fannst varla að ég hefði frið til að sitja hjá henni. Ég fór niður á skrifstofu og sagði að ég ætlaði að taka konuna mína heim, og það gerði ég. Ég gæti alveg eins haft hana sjálfur og þjónað henni heima.“

Í bíltúra og heim

„Daginn eftir hringir svo yfirhjúkrunarkonan og segir að ég verði að koma með hana á spítalann. Ég sagðist ekki koma með hana upp á það að hún færi aftur á elliheimilið. Það yrði ég að fá tryggt. Hún sagði að það yrði áreiðanlega ekki gert. Ég lét þá til leiðast og hún var á sjúkrahúsinu hálft annað ár eftir þetta og alveg til dauðadags. Hún mátti fara út þegar hún gat og vildi og ég sótti hana alltaf og fór með hana í bíltúra, t.d. út í Hnífsdal eða inn í Súðavík eða eitthvað annað. En hún varð mjög fljótt þreytt að sitja í bílnum og þá fór ég með hana heim til okkar og þá fór hún um allt húsið, vildi fylgjast með öllu og skoða allt og athuga hvort allir hlutir væru á sínum stað. Hún var þannig manneskja að hún vildi hafa allt í röð og reglu. Þegar hún kom heim á daginn labbaði hún um húsið. Hún átti erfitt með að ganga stigann, en þá studdi ég hana. Ég gat ekki gert betur. Hún þurfti að skoða bækurnar sínar, hún átti heilt bókasafn í sjónvarpsherberginu. Svo þurfti hún að skoða myndirnar af börnunum.“

Handavinna og bækur

„Allt sem er á heimilinu er saumað eða heklað eftir hana, bæði dúkar og annað. Og þótt hún ynni átta eða tíu tíma á dag í Íshúsfélaginu, þá fór hún í handavinnuna þegar hún var komin heim. Hún vann í Íshúsfélaginu nærri þrjátíu ár, og þeir eiga heiður skilinn fyrir hvað þeir reyndust henni vel. Og þegar hún var búin að því, þá tók hún bók. Hún var svo mikil bókamanneskja, að hún mátti helst ekki sjá bók án þess að lesa hana þangað til hún var búin. Hún var reglulega vel gefin manneskja og synd að hún skyldi ekki læra meira á sínum tíma.“

Nú sæki ég þig í fyrramálið

„Svo tók ég hana alltaf heim, þangað til ég veiktist viku til hálfum mánuði áður en hún dó. Ég fékk flensuna og lá heima og treysti mér ekki. Svo var eins og sagt við mig einn daginn: Nú ferðu bara yfir á sjúkrahús, Jens. Þá var ég að hugsa til hennar. Og ég gerði það. Þá voru dætur mínar og tengdasynir nýkomin að sunnan til að sjá hana áður en hún færi. Jóhann tengdasonur minn er hjúkrunarfræðingur og svæfingarlæknir og hann fylgdist alveg með því hvernig heilsu hennar leið og vissi alveg að hverju stefndi. Það var reyndar hann sem áttaði sig fyrstur á því að hún var veik. Og það var hálfur mánuður frá því að þau komu vestur og þangað til hún dó.

Þegar ég kom á sjúkrahúsið var hún á ganginum, gekk á móti mér og sagði: Ert þú kominn, Jens? Hvar hefur þú verið? Var ekki búið að segja þér að ég hef verið veikur? spurði ég. Jú, alveg rétt. Þá mundi hún það. Við setjumst niður og tölum saman og ég segi við hana: Nú sæki ég þig í fyrramálið, elskan mín, og svo förum við í bíltúr á morgun. Það var yndislegt veður þennan dag sem ég kom til hennar. Þetta var í endaðan janúar, en hún dó 1. febrúar.

Morguninn eftir var hún komin á gjörgæslu. Þá hafði Ásgerður dóttir okkar verið á vakt um kvöldið áður og var búin að vaka yfir henni alla nóttina. Hún vildi ekki láta mig vita, því að eins og hún sagði gat þetta verið eitthvert kast, því að hún fékk oft slæm köst en lagaðist svo aftur. Svo hringdi Ásgerður í mig um miðjan dag og spurði hvort ég treysti mér ekki til að vaka yfir henni næstu nótt. Þá hafði ég skroppið heim, annars var ég alltaf hjá henni þangað til hún dó. Ég hélt það nú. Og þá kom Guðmundur tengdasonur minn og við vorum hjá henni um nóttina. Við höfðum rúm sem við gátum kastað okkur í inni hjá henni.“

Endalokin

„Daginn eftir fór ég heim. Ég lagði mig og blundaði eitthvað, en það var lítill svefninn. Um kvöldið fórum við Guðmundur aftur, og það var síðasta nóttin hennar Ellu minnar. Henni var snúið og hagrætt í rúminu á tveggja tíma fresti og þá fékk hún líka sprautur til að lina þjáningarnar, en þær voru að mestu hættar að koma að gagni.

Eitt sinn þegar var verið að gera henni til góða fórum við út fyrir á meðan, en við erum naumast komnir út fyrir dyrnar þegar kallað er í okkur að koma inn aftur. Þá var hún að fara. Áður en við fórum út var ég nýbúinn að taka þvottapoka og væta hann í köldu vatni og leggja á höfuðið á henni, og þá var eins og hún vildi bara rísa upp, henni fannst þetta svo gott, því að kvalirnar í höfðinu voru svo miklar. Og þegar þær sögðu okkur að við skyldum fara út, þá tók hún í höndina á Guðmundi og vildi helst ekki sleppa og leit á okkur til skiptis. Hún hefur vitað að hún var að kveðja.“

Þetta var hún Gugga

„Hún vissi allt og fylgdist með öllu, en hún átti svo erfitt með að tjá sig. Einu sinni var ég að fara með hana í bíltúr út í Vík í góðu veðri, og þá mætum við bíl. Og það var svo mikil ferðin á bílunum, að ég sé ekki hverjir það eru sem við erum að mæta. En ég sé að það er einhver sem veifar okkur þegar við mætum einum bílnum, en ég sé ekki hver það er. Og ég segi þá við hana, blessunina: Ella mín, sástu hver var að vinka okkur? Þá leit hún á mig og sagði eftir dálitla stund: Já, þetta var hún Gugga, verkstjórinn minn í Íshúsinu. Og þegar hún sá fólk úr Íshúsinu frammi á gangi á sjúkrahúsinu, þá þekkti hún fólkið, kom til þess og heilsaði.“

Ég held að það sé eitthvað að

„Hún átti þrjú ár í þessum veikindum. Byrjunin var þannig, að við vorum bæði stödd ásamt Bjarna Gestar og fleirum inni við Hvannadalsá í veiðiferð. Þá átti ég von á Jóhanni tengdasyni mínum að sunnan og Halldóru dóttur okkar. Ég er einn við ána að veiða, og þá er bankað á öxlina á mér. Ég er með fisk á og mér hálfbregður. Ég vissi ekki af neinum hjá mér. Þá er þetta Jóhann kominn. Ég spyr hvort það sé eitthvað að. Ég held að það sé eitthvað að henni múttu minni, sagði hann, en hann kallaði hana alltaf múttu sína. Hún var frísk þegar ég fór út, sagði ég og hélt að það hefði eitthvað komið fyrir. Nei, þú þarft ekki að vera neitt hræddur þannig, sagði hann, hún er alveg rólfær. En svo setjumst við niður og hann segir: Ég er alveg viss um að það er eitthvað að henni. Hún er búin að segja mér það sama aftur og aftur. Ég ætla að panta fyrir hana rannsókn fyrir sunnan.

Svo nokkru eftir að hann er

farinn suður hringir hann og segist vera búinn að tala við sérfræðing. Hún hafði alltaf verið með mígreni og auðvitað vissi Jóhann það. Hann sagðist vera búinn að fá lækni til að líta á höfuðið á henni út af þessari mígreni, því að hann vildi ekki segja henni neitt á meðan hann vissi ekki neitt hvað væri að. Hún sagðist ekki fara suður nema Jenni færi líka. Ég hélt að það væri nú allt í lagi. Ég fór með henni suður en kom svo vestur aftur tveimur dögum seinna, en þeir vildu hafa hana í viku á spítalanum.“

Niðurstaða

„Svo er hringt í mig og sagt að þeir finni bara ekkert. Hún kemur síðan vestur aftur og fer í sína vinnu og það líður og bíður. Svo kemur læknir frá Ameríku, sem er sérfræðingur í krabbameinslækningum, og tekur hana í rannsókn. Ég fylgi henni suður en kem svo heim aftur. Þegar ég er búinn að vera heima í rúma viku hringir þessi læknir og spyr hvort ég geti ekki komið suður og talað við sig. Ég spyr hvort það sé áríðandi, og hann segir svo vera. Ég fór suður strax daginn eftir og upp á spítala, og það vill svo til að ég hitti hana þar á ganginum. Ert þú kominn? spyr hún. Já, mig langaði til að sjá hvernig þú hefur það, svaraði ég, og vildi ekki segja henni að læknirinn hefði verið að boða mig. Þá kemur þessi læknir og sér að ég er að tala við hana og spyr: Ert þú Jens? Og hann biður mig að koma með sér og tala við sig. Þá segir hann að þetta sé krabbi í brisinu og kominn upp í höfuðið, og það gæti tekið frá tíu mánuðum og upp í þrjú ár þangað til hún færi.

Og það passaði, að það voru þrjú ár frá því að Jóhann sá fyrst að það var eitthvað að henni og þangað til hún dó. Læknirinn sagði mér að hjartað í henni væri svo sterkt að það væri út af fyrir sig ódrepandi og öll væri hún líkamlega þrekmikil, þótt smávaxin væri. En vegna þess að þetta var komið í höfuðið var eins og hún missti minnið á köflum, en alltaf kom hún til sjálfrar sín á milli og gat alltaf sagt okkur hvernig henni leið.“

Maskerade á ganginum

„Hún var mikil dansmanneskja og sérstaklega mikið gefin fyrir gömlu dansana. Ég get sagt þér eina sögu af því. Þegar dæturnar og tengdasynirnir komu hálfum mánuði áður en hún dó, þá segir Jóhann við hana á ganginum á spítalanum, því að þau voru alltaf að fíflast: Eigum við ekki bara, mútta mín, að taka einn maskerade? Hún hélt það nú, og þau dönsuðu þarna á ganginum.

Og síðan spurði hann: Veistu hvenær ég á afmæli? Hvað heldurðu, Jóhann minn, heldurðu að ég viti ekki hvenær börnin og barnabörnin og tengdabörnin eiga afmæli? Og það kom í ljós að hún vissi það upp á hár. Og hann varð alveg bit.“

Ég á góða að

„En ég tók oft út fyrir að horfa upp á heilsu hennar og líðan og geta ekkert gert. Ég reyndi bara það sem ég gat. Ég missti mikið þegar hún dó. En ég eignaðist marga vini í hópi starfsfólksins á sjúkrahúsinu. Það er eins og það eigi mig. En nú er ég búinn að bjóða húsið okkar til sölu.

Ég er svo sem ekkert að flýta mér, en ég er orðinn sjúklingur og þeir eru búnir að segja mér það, læknarnir, að ég megi helst ekki vera einn. Mér finnst verst þegar vont er veður. En ég á góða að. Dætur mínar og tengdasynir og aðrir hafa alltaf komið og gist hjá mér þegar miklir byljir hafa verið. Ég á svo erfitt með andardráttinn. Þegar ég slasaðist hér um árið, þegar við fengum brotið á okkur á Skálafellinu, þá fóru rifin inn í annað lungað og það eyðilagðist. Ég mæðist ákaflega mikið og ekki síst eftir að hjartað gaf sig.“

Elín Óladóttir.

Margt ósagt og óskráð

Þetta var einn þáttur úr frásögnum Jens Markússonar. Enda þótt nú séu til á segulböndum einhverjir klukkutímar af sjóferðasögum hans og lífshlaupi, sem jafnframt eru þættir úr vestfirskri útgerðarsögu og mannlífssögu, þá er enn margt ósagt.

Það er tilhlökkunarefni, sem bíður betri tíma, að vinna úr segulböndunum og ræða enn frekar við þennan gamla aflamann um sjómennsku liðinna áratuga.

Norræn bókasafnsvika

Bert vinsælastur

Á norrænu bókasafnsvikunni sem er nýlokið gerðu bókasöfnin á Ísafirði og í Bolungarvík, könnun á því hver væri fyndnasta bók sem fólk hefði lesið.

Af barnabókum voru bækurnar um Bert, langvinsælastar, þá kom Gauragangur og Elsku besta Binna lenti í þriðja sæti. Í fullorðinsflokki þótti Bör Börsson fyndnastur, þá kom Hvunndagshetjan eftir Auði Haralds og Þetta er allt að koma, eftir Hallgrím Helgason varð í þriðja sæti.

Mikil breidd var í svörum fullorðinna og því margar fyndnar bækur tilnefndar.

Hótel Ísafjörður

„Opin bók“ á sunnudag

Menningarmiðstöðin Edinborg stendur fyrir „Opinni bók“, sem er kynning á nýútkomnum bókum, á Hótel Ísafirði nk. sunnudag kl. 16.

Eftirtaldir rithöfundar lesa úr verkum sínum: Auður Jónsdóttir, Árni Þórarinsson, Fríða Á. Sigurðardóttir, Huldar Breiðfjörð og Guðrún Vigfúsdóttir. Þá mun Halldór Guðmundsson, framkvæmdastjóri Máls og menningar, flytja erindi. Guðrún Jónsdóttir mun syngja nokkur lög við undirleik Margrétar Gunnarsdóttur. Að venju verða kaffiveitingar í boði. Allir eru velkomnir.

Hótel Ísafjörður.

2000

Ráðstefna
um aldamótavanda
í tölvum og
upplýsingakerfum

Tölvu- og netþjónustan Snerpa á Ísafirði heldur ráðstefnu til fræðslu um 2000-vandann í matsal Framhaldsskóla Vestfjarða **laugardaginn 21. nóvember 1998 kl 14.** Ráðstefnan verður jafnframt haldin í bókasafninu á Patreksfirði á sama tíma um fjarfundakerfi framhaldsskólans.

Fundarstjóri á Ísafirði verður Halldór Halldórsson bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar og á Patreksfirði verður fundarstjóri Haukur Már Sigurðarson, forseti bæjarstjórnar í Vesturbyggð.

Meðal ræðumanna verða Ingólfur Helgi Tryggvason, framkvæmdastjóri Hugmóts hf., Jóhann Gunnarsson sérfræðingur í fjármálaráðuneytinu og ritari 2000-nefndar fjármálaráðherra, Kristján Haraldsson orkubússtjóri og Jón Arnar Gestsson frá Snerpu. Fluttar verða framsögur og jafnframt verður svarað fyrirspurnum úr sal um málefnið. Aðgangur er ókeypis og opinn öllum sem áhuga hafa á efninu.

SNERPA
MÁNAGATA 6 - ÍSAFJÖRÐUR
SÍMI 456-5470 - WWW.SNERPA.IS

Sjálfboðaliðar og...

Stundum ofbýður manni. Svo var þegar Steingrímur Hermannsson fyrrverandi forsætisráðherra og seðlabankastjóri kom í útvarp fyrir rúmri viku til að ræða nýútkomna sjálfsævisögu sína, sem vafalaust er mjög forvitnileg. Þá varð honum á að opinbera sig. Aðspurður um jeppakaup, þar sem keypt var á nafni bónda í Borgarfirði til að spara sér greiðslu tolla og tækjakaup undir öðrum formerkjum en raun bar vitni, sagði hann að höft yrðu að vera sanngjörn. Það skipti hann ekki máli þó lögin væru brotin. Ef hans mat var að höftin, sem faðir hans Hermann Jónasson forsætisráðherra hafði átt drjúgan þátt í að setja væru ósanngjörn, þá er bara að brjóta lögin. Þessi maður lýsir því hvernig Marshallaðstoðin var purkunarlaust notuð í þágu nokkurra verkfræðinga sem voru framsóknarmenn. Ætla mætti að höftin hefðu verið sanngjörn gagnvart öllum öðrum en hinum einu og sönnu framsóknarmönnum eða hvað? Þau eru alltaf ósanngjörn.

Sennilega segir það meira um íslenska þjóð en nokkuð annað að þessi maður skyldi vera forsætisráðherra 1983 til 1987 og 1988 til 1991 og síðar Seðlabankastjóri.

... stjórnmálamenn

Nú finnst einhverjum að búið sé að snúa við fyrirsögnum. Það er rétt og þó. Stjórnmálamenn bjóða sig sjálfir fram til þjónustu fyrir samborgarana. Þótt sumir þeirra telji sig hafna yfir lög og rétt. En helsta hlutverk alþingismanna er að setja lög til að skapa reglur í þjóðfélaginu.

En slíkir sjálfboðaliðar sem Steingrímur Hermannsson er dæmigerður fyrir hafa vonandi runnið sitt skeið. En ævisaga hans ætti að vera skyldulesning öllu ungu fólki. Þannig gæti fólk með nútíma hugsun áttað sig á því hvað bera að varast við stjórn lands og lýðs.

Nú eru deilur bæjarstjórnarmanna í Ísafjarðarbæ komnar í blöð, heima og á landsvísu. Deilt er um grunnskólann eina ferðina enn. Grunnskólamál Ísfirðinga eru dæmi um það hvernig með offorsi og yfirgangi og einfaldlega þeirri hörmung að vinna ekki heimavinnuna tekst að klúðra góðum málstað. Skýra þarf mjög vandlega hvað er á ferðinni í núverandi lausn á Kaupfélagsloftinu. Kostnaður verður að vera klár og áætlanir eiga einnig að koma fram. Það er einfaldlega ekki hægt lengur að vinna bara einhvern veginn, þótt bjarga þurfi fyrir horn.

En Ísfirðingar sem eru oft heldur beygðir yfir umfjöllun fjölmiðla njóta sjálfboðaliðanna. Reyndar má ekki gleyma því, að fréttir eru frásögn af atburðum og gerðum fólks. Ef fréttir og umfjöllun fjölmiðla eiga að vera jákvæðar verður eitthvað jákvætt að vera til umfjöllunar. Þar koma sjálfboðaliðar til.

Sameining björgunarsveita á Ísafirði þvert á línur Landsbjargar og Slysavarnafélagsins eru jákvæðar fréttir, sem gjarnan mætti segja betur frá. Þar sýna viðkomandi kjark og framsýni.

Skíðasvæðið!

Að undanförnu hafa nokkrir sjálfboðaliðar unnið sérlega gott starf við byggingu skíðaskála í Tungudal og skíðalyftu á Seljalandsdal. Einhvern veginn vekur þessi merka starfsemi ekki jafn mikinn áhuga og deilur stjórnmálamanna um grunnskóla og frystihús. Auðvitað vinna þeir vegna eigin áhuga á málinu og þess að þeir njóti ávaxtanna einnig. En það eru miklu fleiri sem mun nýta sér skíðalyftu í efribrekkunni á Seljalandsdal og skíðaskála í Tungudal. Auk þess sparast talsverður kostnaður af hálfu sveitarfélagsins, sem ella hefði orðið að koma til og reisa hvort tveggja.

Skíðaskálinn mun til dæmis vera byggður á stað sem að mati færustu sérfræðinga er utan snjóflóðahættusvæðis. Hann bætir jafnframt úr brýnni þörf fyrir aðstöðu. Auk þess er húsið glæsilegt. Aðgengi verður auðvelt.

Lyftur á Seljalandsdal eyðilögðust í snjóflóði 5. apríl 1994. Bæjarstjórn tók ákvörðun um að endurreisa skíðasvæðið á sama stað með nokkrum breytingum og útvíkkun, svo sem skíðasvæðið í Tungudal gefur til kynna. En efri lyftuna vantaði. Nú hafa þeir ágætu sjálfboðaliðar sem tóku sig til og gáfu vinnu og efni bætt verulega úr. Þessi hugsunarháttur er virðingarverður og hann ber að meta. En sjálfboðaliðar hafa venjulega ekki hátt um afrek sín.

Þetta framtak er eitt margra, sem gefur góða ímynd af Ísfirðingum og ætti að halda á loft. Skorað er á alla fjölmiðla á Ísafirði og reyndar á landsvísu að kynna sér þetta merka framtak, sem verður til að gerbreyta allri aðstöðu til skíðaiðkunar. En hinu má ekki gleyma að Tryggvi Guðmundsson, lögfræðingur, og félagar hans í þessu merka framtaki þekkja einnig harkalegar aðferðir nátturunnar gagnvart mannskepnunni. Þess vegna er rétt að brýna að fylgjast verður vel með snjóalögum og snjóflóðahættu.

En um leið sýnir framtak þeirra félaga sem ekki verða taldir upp hér að, að engin uppgjöf er í slíku fólki. Menn verða einfaldlega að lifa við þær aðstæður sem þeim eru búnar. Framtakið er gott.

– Stakkur.

STUTTAR FRÉTTIR

Kviknaði í ljósi

Slökkvilið Ísafjarðar var kallað að Smiðjugötu á Ísafirði um kl. 18 á miðvikudag í síðustu viku.

Þar hafði kviknað í ljósi í eldhúsi og mikill reykur myndaðist þegar vírar brunnu. Nokkrar skemmdir urðu á eldhúsinu og þurfti að reykræsa húsið. Öldruð kona býr í húsinu og sakaði hana ekki.

Talið er að ljósapera hafið sprungið með þessum afleiðingum.

Námsmenn fá afslátt

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt að námsmenn sem eiga börn á leikskólaldri og stunda háskólanám í Ísafjarðarbæ fái 25% afslátt af föstu mánaðargjaldi á leikskóla.

Fræðslunefnd lagði til að hækkunin næði til námsmanna á framhalds- og háskólastigi, en sú tillaga náði ekki fram að ganga.

Slasaðist í árekstri

Guðjón Þorsteinsson framkvæmdastjóri KFÍ slasaðist töluvert við árekstur á Flórída á miðvikudagskvöld í síðustu viku.

Mágur Guðjóns, sem var Bandaríkjamaður, lést í slysinu og einnig ökumaður hins bílsins. Guðjón var fararstjóri í Bandaríkjaferð kvennalandsliðs Íslands í körfuknattleik.



70 ára

Á morgun, 19. nóvember, er vestfirska „torfærutröllið“ Elís Kjaran Friðfinnsson á Þingeyri 70 ára. Hann verður að heiman á afmælinu.

Víkurbær í Bolungarvík

Sólrún með einsöngstónleika

Sólrún Bragadóttir óperusöngkona heldur einsöngstónleika í Félagsheimilinu í Bolungarvík (Víkurbæ), annað kvöld kl. 20:30. Tónleikarnir eru liður í ferð Sólrúnar um landið og er tilefni tónleikanna útgáfa geisladisks þar sem Sólrún syngur íslenskar einsöngsperlur eftir Sigvalda Kaldalóns, Þorkel Sigurbjörnsson, Atla Heimi Sveinsson, Tryggva Baldvinsson, Karl O. Runólfsson, Jón Ásgeirsson og Sveinbjörn Sveinbjörnsson.

Hér er um að ræða fyrsta geisladisk Sólrúnar en hún hefur áður komið fram á geisladiskum sem Gerðuberg hefur gefið út. Sólrúnu Bragadóttur er óþarfi að kynna tónlistarunnendum, en hún hefur komið fram í mörgum helstu aðalhlutverkum óperubókmenntanna í sínu fagi og hafa óperuhús á meginlandi Evrópu, Bretlandi og Japan sóst eftir samstarfi við hana. Sólrún hefur sungið fjölda ljóðatónleika á Íslandi og erlendis og margoft komið fram með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Síðastliðið haust tók hún þátt í uppfærslu Íslensku óperunnar á Cosi fan tutte (Svona eru þær allar) eftir Mozart.

Á tónleikunum í Bolungarvík mun Sólrún syngja lög af diskinum en einnig mun hún flytja lög eftir Brahms, L. Bernstein og fleiri. Meðleikari Sólrúnar á diskinum sem og á tónleikunum er ameríski pianóleikarinn Margaret Singer.

Sólrún Bragadóttir óperusöngkona og Margaret Singer pianóleikari.

Ungu mennirnir sigursælir

Leikmenn Körfuknattleiksfélags Ísafjarðar í flokki 10-11 ára tóku fyrir stuttu þátt í fjögurra liða móti sem haldið var í Reykjavík. Lið KFÍ lék þrjá leiki og vann þá alla, þar af tvo með yfirburðum. Þessir framtíðarleikmenn KFÍ sigruðu jafnaldra sína í KR með 22 stigum gegn 16, Fjölnismenn sigruðu þeir 56-13 og Keflvíkinga sigruðu þeir með 65 stigum gegn 12. Hið sigursæla lið KFÍ er hér á myndinni ásamt þjálfara sínum Hafdísi Gunnarsdóttur. Efri röð frá vinstri: Hafdís, Páll, Helgi Hrafn, Óskar, Sigurður og Þórir. Neðri röð frá vinstri: Gunnar Atli, Sigurður Fannar, Daníel Þór og Bjarki.

Sigurður R. Ólafsson, bæjarfulltrúi K-lista skrifar:

Skólamál Grunnskólans á Ísafirði

Mjög erfiðlega gengur að fá upplýsingar hjá meirihluta bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar, um kostnaðaráætlanir eða þær kostnaðartölur sem fallnar eru á bráðabirgðalausn þá í skólamálum, vegna framkvæmda við Austurveg, þrátt fyrir ítrekaðar óskir þar um, bókaðar sem óbókaðar.

Aftur á móti virðist hafa verið mikil vinna lögð í að endurútreikna leið, sem ekki kom til framkvæmda og er slíkt áreiðanlega einsdæmi í byggingasögu bæjarins.

Eins eru þær reiknigskúnstir sem voru viðhafðar slíkar, að sjálfur Vellygni-Bjarni hefði rengt niðurstöður, jafnvel þó hann hefði í eigin persónu, látið þær frá sér fara.

Nú er undirritaður sá eini af núverandi bæjarfulltrúum, sem aðild á að fyrri ákvörðunum um Torfnesleiðina, sem núverandi meirihluti illu heilli hafnaði. Núverandi minnihluti tók þá ákvörðun að aðhafast ekki neitt, sem orðið gæti til að leggja stein í götu meirihlutans í byggingaframkvæmdum og þannig hugsanlega orðið þess valdandi að tilætlað kennsluhúsnæði yrði ekki til staðar fyrir haustið, þrátt fyrir að við værum ekki sammála um leiðaval.

Hins vegar bregður svo við, að á sama tíma og bæjarstjórnarfundur stendur yfir, velur meirihluti tímann til að senda blaðafulltrúa sinn í svæðisútvarpið með hugarfóstur sitt, samanburð á ímynduðum kostnaði á leið sem ekki var fyrir valinu annarsvegar og hins vegar kostnaðarhluta þeirrar leiðar sem í framkvæmd er, en án lokaniðurstöðu.

Margvíslegur kostnaður á eftir að bætast við Austurvegsleiðina

Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef, eru kennarar allsáttir við sína eigin starfsaðstöðu í húsinu, hins vegar er aðstaða til kennslu langt því frá að vera fullnægjandi.

Hljóðeinangrun ekki nógu góð, það heyrist á milli kennslustofa sem og hæða, eins er umferðarkliður utan frá af götunni það mikill, að truflun er af. Þörf er því á að einangra betur og m.a. skipta um allt gler, en 52 stórir gluggar eru á kennsluhúsnæðinu, en slíkt á líklega ekki að teljast með í framkvæmdum, heldur koma inn síðar sem viðhald á eldra húsnæði.

Lóðamálin eru sér á parti, en meirihlutinn hefur tekið þann kost að taka 50 ára gamlan skrúðgarð Ísfirðinga undir skólalóð, án þess að standa lögformlega að þeim aðgerðum, jafnvel vikið sér undan því að láta umhverfisnefnd hafa málefnið til umfjöllunar.

Nú ber að hafa í huga að þetta ævintýri meirihlutans við Austurveg, er aðeins bráðabirgðalausn, en það er líka öllum ljóst, að aldrei í allri Íslandssögunni hafa skammtímavandamál bæjarfélags verið leyst með jafn kostnaðarsömu umhverfisslysi.

Bæjarbúar hljóta að bíða spenntir eftir að sjá hvernig framtíðarlausnin lítur út þegar hún birtist, en af minni hálfu er skrifum lokið að sinni, um þennan þátt í stjórnsýslusögu Ísafjarðarbæjar, með eftirfarandi leirhnoði:

Sigurður R. Ólafsson.

Fyrir sveitarstjórnarkosningar:

Um skólamál skömm er að rífast
ei skemmtir slíkt kjósendum.
En framboðin frísklega þrífast
á freklegum ónotum.

Að afloknum kosningum:

Við betri skóla bætist lundin
og bráðalausnin, fljótt var fundin.
Nú bæjarbúar brosa í kamp,
því Birna og Guðni, byggðu ramp.

Um lóðastærð er leitt að þrasa,
leiðist mér um slíkt að fjasa.
Bætt menntun býður betri arð,
sé börnum sáð í blómagarð.

Eftirmáli:

Sumir hafa trygga trú,
að Torfnes marki menntaveg.
Aðrir reikna kálf í kú,
frá klúðrinu við Austurveg.

– Sigurður R. Ólafsson, bæjarfulltrúi K-lista.

Afmæli

90 ára

Fimmtudaginn 19. nóvember verður Herdís Albertsdóttir, Sundstræti 33, Ísafirði, 90 ára.

Af því tilefni býður hún og fjölskylda hennar, vinum og kunningjum í miðdegiskaffi í sal Oddfellow milli kl. 15 og 17, laugardaginn 21. nóvember.



Afmæli

75 ára

Gunnar Valdimarsson, Sundstræti 32, Ísafirði verður 75 ára sunnudaginn 22. nóvember nk.

Hann og fjölskylda hans taka á móti gestum í Sigurðarbúð á milli kl. 15 og 18 á afmælisdaginn.

Afmælisveisla

LEGGUR OG SKEL
fataverslun barnanna

15 ára

1983 - 1998

KIDDY'S FASHION COMPANY

JOHA

Veislan stendur yfir
frá kl. 10 - 16
laugardaginn 21. nóv.

Création Stunmer

TRESPASS

HRESSING fyrir
unga sem aldna

OSHKOSH B'gosh
THE GENUINE ARTICLE

LEGO

15% AFSLÁTTUR
af öllum fatnaði

Confetti

Baby B'gosh
BY OSHKOSH B'GOSH

ALLIR VELKOMNIR!

ÍSAFJARÐARBÆR

ORÐSENDING TIL ÍBÚA ÍSAFJARÐARBÆJAR

Þar sem nú er unnið að nýrri þjóðskrá m.v. 1. desember 1998, er íbúum sveitarfélagsins bent á að tilkynna um breytt lögheimili sem allra fyrst.

Eigendum íbúða er skylt að fylgjast með búsetuskráningu leigjenda sinna.

Forstöðumenn fyrirtækja og stofnana eru hvattir til að tilkynna um nýtt starfsfólk.

Vinsamlegast hafið samband við manntalsfulltrúa í síma 456 3722.

Bæjarstjórinn í Ísafjarðarbæ.

OPIÐ HÚS

Föstudaginn 20. nóvember kl. 16-18, er almenningi boðið að koma og skoða nýuppgert húsnæði Grunnskólans á Ísafirði að Austurvegi 2. Boðið verður uppá hressingu á kennarastofunni.

Skólastjóri.

Til sölu

Til sölu er Hlíðarvegur 25 á Ísafirði. Húsið skiptist í efri hæð, fjögur svefnherbergi, wc með baðkari og tölvuskoti. Á neðri hæð er anddyri, stofa, eldhús, baðherbergi með sturtu og þvottahús. Verð kr. 10,7 milljónir. Áhvílandi eru u.þ.b. 3,7 milljónir. Sjón er sögu ríkari.

Upplýsingar í símum 456 4041 og 456 3041.

Hús til sölu

Einbýlishúsið við Skólaveg 5 í Hnífsdal er til sölu.

Upplýsingar í síma 899 9825.

Jólavörurnar komnar!

Opið virka daga kl. 13:00-18:00
Laugardaga kl. 10:00-16:00
Sunnudaga kl. 13:00-16:00

Blómahornið, Bolungarvík

-í bláa húsinu fyrir neðan Finnabæ
sími 456 7021

Arnar G. Hinriksson hdl.

Silfurtorgi 1 • Ísafirði • Sími: 456 4144 • Fax: 456 4243

Fasteignaviðskipti

Hef til sölu fasteignir víða á Vestfjörðum

Allar nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu

DAGSKRÁ

18. NÓVEMBER - 24. NÓVEMBER

SJÓNVARPIÐ

MIÐVIKUDAGUR 18. NÓVEMBER 1998

11.30 Skjáleikurinn
13.30 Alþingi
16.45 Leiðarljós
17.30 Fréttir
17.35 Auglýsingatími
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Myndasafnið
18.30 Ferðaleiðir
Ævintýraferð með Bettý (3:6)
19.00 Andmann (6:26)
19.27 Kolkrabbinn
20.00 Fréttir, íþróttir og veður
20.40 Víkingalottó
20.50 Mósaík
21.35 Laus og liðug (17:22)
22.00 Nýi presturinn (4:12)
23.00 Ellefufréttir
23.20 Skjáleikurinn

FIMMTUDAGUR 19. NÓVEMBER 1998

10.30 Alþingi
16.45 Leiðarljós
17.30 Fréttir
17.35 Auglýsingatími
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Stundin okkar
19.00 Heimur tískunnar (7:30)
19.27 Kolkrabbinn
20.00 Fréttir, íþróttir og veður
20.45 ...þetta helst
21.15 Fréttastofan (3:13)
(The Newsroom)
Kanadísk gamanþáttaröð um starfsmenn á sjónvarpsfréttastofu.
21.40 Kastljós
22.10 Bílastöðin (9:24)
23.00 Ellefufréttir og íþróttir
23.20 Skjáleikurinn

FÖSTUDAGUR 20. NÓVEMBER 1998

11.30 Skjáleikurinn
16.45 Leiðarljós
17.30 Fréttir
17.35 Auglýsingatími
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Þytur í laufi (63:65)
18.30 Úr ríki náttúrunnar
19.00 Allt í himnalagi (7:22)
19.27 Kolkrabbinn
20.00 Fréttir, íþróttir og veður
20.50 Stutt í spunann
21.25 Kvenhetjur (1:2)
(True Women)
Bandarísk sjónvarpsmynd í tveimur hlutum. Sagan spannar fimm áratugi í lífi tveggja kvenna sem settust að í Texas um miðbik síðustu aldar. Seinni hlutinn verður sýndur á laugardagskvöld. *Aðalhlutverk: Dana Delaney, Annabeth Gish og Michael York.*
23.00 Kavanagh - Traust bönd
(Kavanagh Q.C.: The Ties that Bind)
Bresk sakamálamynd frá 1997 þar sem málafærslumaðurinn James Kavanagh glímir við erfitt sakamál. *Aðalhlutverk: John Thaw.*
00.25 Útvarpsfréttir
00.35 Skjáleikurinn

LAUGARDAGUR 21. NÓVEMBER 1998

09.00 Morgunsjónvarp barnanna
10.30 Þingsjá
10.50 Skjáleikurinn
14.10 Auglýsingatími
14.25 Þýska knattspyrnan
Bein útsending frá leik í efstu deild.
16.15 Leikur dagsins
Bein útsending frá leik á ***Gróttu/KR og ÍR*** í Íslandsmóti karla í handknattleik.
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Einu sinni var... (5:26)
18.30 Gamla testamentið (4:9)
19.00 Strandverðir (21:22)
19.50 20,02 hugmyndir um eiturlyf
Fjórði þáttur af 21 um forvarnir gegn eiturlyfjum. Viðtal við ungan bakaranema úr MK, Þorvald B. Hauksson, sem var einn þáttakanda í sýningu bakaranema á Kakóbarnum Geysi í febrúar sl. Á sýningunni voru sýnd brauð sem skreytt voru undir þemanu eiturlyf.
20.00 Fréttir, íþróttir og veður
20.40 Lottó
20.50 Enn ein stöðin
21.20 Kvenhetjur (2:2)
(True Women)
23.00 Voðafár
(Prime Cut)
Bandarísk bíómynd frá 1972 um stórglæpamenn sem gera pylsur úr óvinum sínum. *Aðalhlutverk: Lee Marvin, Gene Hackman og Sissy Spacek.*
01.25 Útvarpsfréttir
01.35 Skjáleikurinn

SUNNUDAGUR 22. NÓVEMBER 1998

09.00 Morgunsjónvarp barnanna
10.40 Skjáleikur
12.00 Markaregn
13.00 Tristan og Ísold
16.55 Heimsbikarmót á skíðum
Bein útsending frá fyrri umferð í svigi karla í Park City í Bandaríkjunum þar sem ***Kristinn Björnsson*** er á meðal keppenda. Sýnt verður frá seinni umferð í fréttum og Helgarsportinu.
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Stundin okkar
18.30 Gull og grænir skógar (3:3)
19.00 Geimferðin (18:52)
19.50 Ljóð vikunnar
20.00 Fréttir, íþróttir og veður
20.40 Sunnudagsleikhúsið
Svannasöngur (3:3)
Síðasti þáttur af þremur eftir Hlín Agnarsdóttur um Ragnar Sigmundsson, framkvæmdastjóra fjármálasviðs Dreifbýlisstofnunar, og konurnar í lífi hans. *Leikendur: Pálmi Gestsson, Rósa Guðný Þórsdóttir, Steinunn Ólína Þorsteinsdóttir og Elva Ósk Ólafsdóttir.*
21.10 Að byggja land (3:3)
21.55 Helgarsportið
22.20 Kynlíf og konfekt
(Sex and Chocolate)
Bresk sjónvarpsmynd frá 1997. Giftri þriggja barna móður er gert tilboð sem hún á erfitt með að hafna. *Aðalhlutverk: Dawn French, Michael Maloney og Phil Daniels.*
23.50 Ljóð vikunnar
23.55 Útvarpsfréttir
00.00 Skjáleikurinn

MÁNUDAGUR 23. NÓVEMBER 1998

11.30 Skjáleikurinn
16.25 Helgarsportið
16.45 Leiðarljós
17.30 Fréttir
17.35 Auglýsingatími
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Eunbi og Khabi (20:26)
18.30 Veröld dverganna (24:26)
19.00 Ég heiti Wayne (8:26)
19.27 Kolkrabbinn
20.00 Fréttir, íþróttir og veður
20.40 Kjarnakonur (1:3)
Fyrsti þáttur af þremur um kraftmiklar íslenskar konur sem lifa lífinu lifandi og taka fullan þátt í að móta umhverfi sitt. Að þessu sinni er fylgst með Bryndísi Loftsdóttur, verslunarstjóra í Reykjavík.
21.05 Tom Jones (4:5)
22.00 Öld uppgötvana (2:10)
23.00 Ellefufréttir og íþróttir
23.20 Mánudagsviðtalið
23.45 Skjáleikurinn

ÞRIÐJUDAGUR 24. NÓVEMBER 1998

11.30 Skjáleikurinn
16.45 Leiðarljós
17.30 Fréttir
17.35 Auglýsingatími
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Eyjan hans Nóa (8:13)
18.30 Töfrateppið (2:6)
19.00 Nornin unga (8:26)
19.27 Kolkrabbinn
20.00 Fréttir, íþróttir og veður
20.40 Eftir fréttir
Samræðuþáttur sem er á dagskrá annað hvert þriðjudagskvöld. Til umfjöllunar eru menn og málefni úr atburðarás líðandi stundar. *Umsjón: Árni Þórarinsson.*
21.20 Ekki kvenmannsverk (1:6)
(An Unsuitable Job for a Woman)
Breskur sakamálaflokkur gerður eftir sögu P.D. James. *Aðalhlutverk: Helen Baxendale.*
22.20 Titringur
23.00 Ellefufréttir og íþróttir
23.20 Auglýsingatími - Víða
23.35 Skjáleikurinn

STÖÐ-2

MIÐVIKUDAGUR 18.NÓVEMBER 1998

13.00 Columbo á leynistigum (e)
14.40 Ein á báti (11:22) (e)
15.30 Dýraríkið
16.00 Brakúla greifi
16.25 Guffi og félagar
16.45 Ómar
17.10 Glæstar vonir
17.30 Línurnar í lag
17.45 Sjónvarpsmarkaðurinn
18.00 Fréttir
18.05 Beverly Hills 90210
19.00 19>20
20.05 Chicago-sjúkrahúsið (10:26)
21.05 Ellen (16:25)
21.35 Ally McBeal (12:22)
22.30 Kvöldfréttir
22.50 Íþróttir um allan heim
23.45 Columbo á leynistigum (e)
01.15 Dagskrárlok

FIMMTUDAGUR 19.NÓVEMBER 1998

13.00 Priscilla, drottning eyðimerkurinnar (e)
14.50 Oprah Winfrey (e)
15.50 Eruð þið myrkfælin?
16.15 Guffi og félagar
16.35 Með afa
17.25 Glæstar vonir
17.45 Línurnar í lag
18.00 Fréttir
18.05 Sjónvarpsmarkaðurinn
18.30 Nágrannar
19.00 19>20
20.05 Melrose Place (11:32)
21.00 Kristall (7:30)
21.35 Þögult vitni (12:16)
22.30 Kvöldfréttir
22.50 Glæpadeildin (7:13)
23.40 Dead Presidents (e)
01.40 Priscilla, drottning eyðimerkurinnar (e)
03.20 Dagskrárlok

FÖSTUDAGUR 20.NÓVEMBER 1998

13.00 Glæpadeildin (7:13) (e)
13.50 Þorpslöggan (5:17) (e)
14.40 Svarti kassinn (3:4) (e)
15.35 Gerð myndarinnar Dr. Dolittle (e)
16.00 Gátuland
16.25 Guffi og félagar
16.50 Orri og Ólafía
17.15 Glæstar vonir
17.40 Línurnar í lag
18.00 Fréttir
18.05 Sjónvarpsmarkaðurinn
18.30 Kristall (7:30) (e)
19.00 19>20
20.05 Elskan ég minnkaði börnin
21.00 Krakkaleigan
(Rent-A-Kid)
Yfirmaður á munaðarleysingjahæli fer í langþráð leyfi og léttgeggjaður pabbi leysir hann af. Verst er bara að þessi nýi stjórnandi hefur gróðasjónarmið að leiðarljósi og hefur í hyggju að leigja út krakkana til barnlausra hjóna. Hvernig skyldi það nú lukkast? Gamanmynd fyrir alla fjölskylduna! *Aðalhlutverk: Leslie Nielsen, Christopher Lloyd, Matt McCoy og Sherry Miller.*
22.40 Rockford - Los Angeles er staðurinn
Fyrrverandi eiginkona Rockfords biður hann að rannsaka morðið á vinkonu sinni og skjólstæðingi. Okkar maður tekur þessari bón vel en það er hins vegar ýmislegt sem flækir málin. Börn hinnar myrtu lýsa þessum hryllilega verknaði sem þau segjast hafa orðið vitni að en spurningin er hvort þau hafi ef til vill komið þar of nærri... *Aðalhlutverk: James Garner og Stuart Margolin.*
00.15 Dómsorð (e)
(The Verdict)
Gamla brýnið, Paul Newman, fer á kostum í hlutverki lögfræðings frá Boston. Sá lögfróði er kominn á botninn en fær mál til umfjöllunar sem getur komið honum upp virðingarstigann á ný. Læknamistök hafa átt sér stað og lögfræðingurinn tekur málið í sínar hendur. Baráttan hefst og lögmaðurinn er sannfræður um réttlætið muni sigra. *Aðalhlutverk: Jack Warden og Charlotte Rampling.*
02.20 Spennufíklar (e)
(I Love Troube)
Aðalhlutverk: Julia Roberts og Nick Nolte.
04.20 Dagskrárlok

LAUGARDAGUR 21.NÓVEMBER 1998

09.00 Með afa
09.50 Sögustund með Janosch
10.20 Dagbókin hans Dúa
10.45 Mollý
11.10 Chris og Cross
11.35 Ævintýraheimur Enid Blyton
12.00 Alltaf í boltanum
12.30 NBA tilþrif
12.55 Antonia og Jane (e)
14.10 Gerð myndarinnar Titanic
14.45 Enski Boltinn
16.55 Oprah Winfrey
17.40 60 mínútur (e)
18.30 Glæstar vonir
19.00 19>20
20.05 Vinir (16:24)
20.40 Seinfeld (7:22)
21.15 Glæpaspírur
(Bottle Rocket)
Gamansöm mynd um þrjá vini sem ákveða að skella sér út á glæpabrautina því auðvitað er skárra að vera á þeirri brautinni en engri. Gallinn er bara sá að þessir náungar eru ekki sérfræðingar í þjófnaði eða glæpum og höfuðpaurinn Anthony gengur meira að segja ekki heill til skógar. *Aðalhlutverk: Owen C. Wilson, Luke Wilson og Robert Musgrave.*
22.50 Hræður
(Frighteners, The)
Einstakt sambland af hryllingi og svörtu gríni kryddað með góðum slatta af tæknibrellum. Michael J. Fox leikur eins konar draugabana og miðil sem kemst óvænt í hann krappann þegar raðmorðingi frá öðrum tíma lætur til skarar skríða. Þegar illvirkinn ógnar konunni sem draugabananum er kærust mætast stálin stinn. *Aðalhlutverk: Michael J. Fox, Peter Dobson og Trini Alvarado.*
00.45 Æðri menntun (e)
(Higher Learning)
02.50 Dauður við komu (e)
(D.O.A.)
04.25 Dagskrárlok

SUNNUDAGUR 22.NÓVEMBER 1998

09.00 Í erilborg
09.25 Köttur út' í mýri
09.50 Brúmmi
09.55 Tímon, Púmba og félagar
10.15 Andrés Önd og gengið
10.40 Urmull
11.05 Unglingsárin (4:13) (e)
11.30 Nancy (9:13)
12.00 Skáldatími (5:12) (e)
12.35 Sjónvarpsmarkaðurinn
13.00 Íþróttir á sunnudegi
16.25 Brady-fjölskyldan (e)
17.50 Fornbókabúðin (8:8) (e)
18.30 Glæstar vonir
19.00 19>20
20.05 Ástir og átök (15:25)
20.40 Heima (8:12)
Við heimsækjum Þóru Kristjánsdóttur og Svein Einarsson leikstjóra en þau búa í einkar fallegu timburhúsi við Tjarnargötuna í Reykjavík.
21.15 Með sigursöng
(Paradise Road)
Þegar Japanar lögðu undir sig Singapore árið 1942 var fjöldi kvenna og barna settur í fangabúðir. Hér segir af konum sem hrósuðu happi yfir að hafa haldið lífi en þær vissu ekki að martröðin var rétt að byrja. Þessar ólíku konur urðu að reiða sig hver á aðra til þess að halda styrk sínum og lifa af ömurlega vist í fangabúðunum. Sannsöguleg mynd frá leikstjóranum sem gerði Óskarsverðlaunamyndina Ekið með Daisy. *Aðalhlutverk: Glenn Close og Pauline Collins.*
23.15 60 mínútur
00.05 Búðarlokur (e)
Þriggja stjörnu gamanmynd frá 1994 sem kostaði ekki mikið í framleiðslu en vakti gífurlega athygli og vann meðal annars til tvennra verðlauna í Cannes. Maltin gefur þrjár stjörnur.
01.40 Dagskrárlok

MÁNUDAGUR 23.NÓVEMBER 1998

13.00 Stórkostleg stúlka (e)
14.55 Ally McBeal (4:22) (e)
15.35 Vinir (4:25) (e)
16.00 Köngulóarmaðurinn
16.20 Guffi og félagar
16.45 Úr bókaskápnum (e)
16.55 Lukku-Láki
17.20 Glæstar vonir
17.45 Línurnar í lag
18.00 Fréttir
18.05 Sjónvarpsmarkaðurinn
18.30 Nágrannar
19.00 19>20
20.05 Ein á báti (12:22)
20.55 Á tauginni
Rita Domino er tannlæknir sem hefur svo sem aldrei haft nokkurn áhuga á hjónabandslífinu og aldrei séð sjálfa sig í hlutverki eiginkonu. Hún lætur samt til leiðast þegar elskhugi hennar biður hana að giftast sér. Rita fær hins vegar verulega bakþanka þegar allir í kringum hana byrja að skipuleggja brúðkaupið og gefa góð ráð fyrir framtíðina. *Aðalhlutverk: Joely Fisher, Brian Wimmer og Anne Meara.*
22.30 Kvöldfréttir
22.50 Ensku mörkin
23.45 Stórkostleg stúlka (e)
01.45 Dagskrárlok

ÞRIÐJUDAGUR 24.NÓVEMBER 1998

13.00 Chicago-sjúkrahúsið (10:26)
13.45 Elskan ég minnkaði börnin
14.30 Handlaginn heimilisfaðir
14.55 Að hætti Sigga Hall (13:13)
15.25 Rýnirinn (16:23) (e)
15.50 Guffi og félagar
16.10 Í Sælulandi (3:13) (e)
16.35 Sjóræningjar
17.00 Simpson-fjölskyldan
17.20 Glæstar vonir
17.45 Línurnar í lag
18.00 Fréttir
18.05 Sjónvarpsmarkaðurinn
18.30 Nágrannar
19.00 19>20
20.05 Ekkert bull (1:13)
20.30 Handlaginn heimilisfaðir
21.00 Þorpslöggan (6:17)
21.55 Fóstbræður (e)
22.30 Kvöldfréttir
22.50 Jefferson í París (e)
01.05 Dagskrárlok

MIÐVIKUDAGUR 18. NÓVEMBER 1998

****** Skjáleikur**
17.00 Í ljósaskiptunum
17.25 Gillette sportpakkinn
17.50 Golfmót í Bandaríkjunum
18.45 Sjónvarpsmarkaðurinn
19.00 Mannaveiðar (15:26)
19.50 Landsleikur í knattspyrnu
Bein útsending frá vináttuleik ***Englendinga og Tékka***.
21.50 Táldreginn
(Night in Heaven)
Faye er afbragðs kennari sem lifir fremur hefðbundnu lífi með eiginmanni sínum. Dag einn bregður hún út af vananum og fer á næturklúbb þar sem föngulegir karlmenn fækka fötum. Kvöldið hefur í för með sér afdrifaríkar afleiðingar er í ljós kemur að einn dansaranna er nemandi hennar. Náið samband tekst með þeim sem síðar verður prófsteinn á hjónaband og persónuleika Faye. *Aðalhlutverk: Lesley Ann Warren, Christopher Atkins og Robert Logan.*
23.15 Geimfarar (20:21)
00.00 Á gægjum
Ljósblá kvikmynd.
01.35 Í ljósaskiptunum (e)
02.00 Dagskrárlok og skjáleikur

FIMMTUDAGUR 19. NÓVEMBER 1998

****** Skjáleikur**
17.00 Í ljósaskiptunum
17.30 NBA tilþrif
18.00 Taumlaus tónlist
18.15 Ofurhugar (e)
18.45 Sjónvarpsmarkaðurinn
19.00 Walker (e)
20.00 Kaupahéðnar (7:26)
21.00 Á landamærum lífs og dauða
(The Breakthrough)
Athyglisverð kvikmynd þar sem tekin eru til umfjöllunar viðkvæm málefni þar sem sitt sýnist hverjum. Dauðinn er óumflýjanlegur en hvað tekur þá við er önnur saga. Er t.d. líf eftir dauðann og er réttlætanlegt að koma á „sambandi“ við ástvini sem eru farnir yfir móðuna miklu? Þessar spurningar og margar aðrar vakna en einn þeirra sem leitar svara er vísindamaðurinn Dr. McLean. Hann og aðstoðarmenn hans hafa komið sér fyrir í rannsóknarstofu í Nova Scotia en ekki eru allir jafn sannfærðir um ágæti starfseminnar. Bandaríska alríkislögreglan fylgist grannt með málinu og sendir fulltrúa sína á staðinn. *Aðalhlutverk: Donald Sutherland og Mimi Kuzyk.*
22.30 Jerry Springer (9:20)
23.15 Goðsögnin 2
Spennumynd sem gerist í New Orleans. Maður finnst myrtur á hrottafenginn hátt. Lögreglan handtekur mann grunaðan um verknaðinn og málið virðist upplýst. Fljótlega kemur á daginn að sá handtekni er trúlega saklaus og að óvenjulegasti morðinginn í sögu borgarinnar gengur enn laus. *Aðalhlutverk: Tony Todd, Kelly Rowan, Timothy Carhart og Veronica Cartwright.*
00.45 Í ljósaskiptunum (e)
01.10 Dagskrárlok og skjáleikur

FÖSTUDAGUR 20. NÓVEMBER 1998

****** Skjáleikur**
17.00 Í ljósaskiptunum
17.30 Á ofsahraða (e)
18.00 Taumlaus tónlist
18.15 Heimsfótbolti með Western Union
18.45 Sjónvarpsmarkaðurinn
19.00 Fótbolti um víða veröld
19.30 Yfirskilvitleg fyrirbæri (18:22)
20.30 Alltaf í boltanum
21.00 Krákan
(The Crow)
Fræg spennumynd um rokksöngvarann Eric Draven og unnustu hans en misindismenn ráðast inn í íbúð þeirra, misþyrma þeim og myrða. Ári síðar rís Eric upp frá dauðum í krafti yfirnáttúrulegra afla og stund hefndarinnar er runnin upp. *Aðalhlutverk: Brandon Lee, Ernie Hudson og Michael Wincott.*
22.35 Glæpasaga (e)
23.25 Fordæmda fljótið
(Damned River)
Fjórir ungir Bandaríkjamenn eru á ferðalagi í Zimbabwe. Þeir ætla á gúmmíbát niður eftir Zambesi-fljóti og fá þaulvanan leiðsögumann til að stjórna ferðinni. Leiðsögumaðurinn á í útistöðum við yfirvöld og tekur ferðalangana fjóra í gíslingu. Þeir gera hvað þeir geta til að sleppa úr prísundinni en gera sér ekki grein fyrir því að þeir eiga í höggi við samviskulausan hrotta. *Aðalhlutverk: Stephen Shellen og Lisa Aliff.*
00.55 Skarkárinn
(The Entity)
Myndin er byggð á sannsögulegum atburðum um konu sem er tekin með valdi af stórri, ósýnilegri veru. Henni gengur erfiðlega að sanna mál sitt og sýnist sitt hverjum um sögu hennar. Tæknilega vel gerð en óhugnanleg. *Aðalhlutverk: Barbara Hershey, Ron Silver og Jacqueline Brooks.*
02.40 Í ljósaskiptunum (e)
03.05 Dagskrárlok og skjáleikur

LAUGARDAGUR 21. NÓVEMBER 1998

****** Skjáleikur**
17.00 Star Trek (e)
18.00 Jerry Springer (e)
19.00 Kung fu - Goðsögnin lifir (e
20.00 Valkyrjan (1:22)
21.00 Frú Robinson
(The Graduate)
Fjögurra stjarna gamanmynd um Benjamin Braddock og raunir hans. Benjamin er miðpunktur allrar athygli í útskriftarveislu sem foreldrar hans halda þegar hann lýkur framhaldsskóla. Hann þolir illa við í veislunni og flýr af hólmi en lendir beint í klónum á frú Robinson, eiginkonu viðskiptafélaga föður hans. Frúin dregur piltinn á tálar en málin vandast fyrst verulega þegar Benjamin kynnist Elaine. *Aðalhlutverk: Anne Bancroft, Dustin Hoffman og Kat-harine Ross.*
22.40 Pabbi er bestur
(Jack The Bear)
Hugljúf mynd um mann sem þarf að axla það erfiða hlutverk að vera foreldri. *Aðalhlutverk: Danny De Vito, Robert Steinmiller og Miko Hughes.*
00.15 Í lygavef
Erótísk spennumynd.
02.00 Hnefaleikar - Oscar de la Hoya
Bein útsending frá hnefaleikakeppni í Las Vegas í Bandaríkjunum. Á meðal þeirra sem mætast eru ***Oscar de la Hoya***, heimsmeistari WBC-sambandsins í veltivigt, og ***Ike Quartey*** frá Ghana.
05.00 Dagskrárlok og skjáleikur

SUNNUDAGUR 22. NÓVEMBER 1998

**** Skjáleikur
15.45 Enski boltinn
Bein útsending frá leik ***Derby County*** og ***West Ham United*** í ensku úrvalsdeildinni.
17.55 Ameríski fótboltinn
18.50 19. holan (24:29)
19.25 Ítalski boltinn
Bein útsending frá leik ***AC Milan*** og ***Lazio*** í ítölsku 1. deildinni.
21.15 Ítölsku mörkin
21.35 Golfmót í Bandaríkjunum
22.30 Ráðgátur (3:48)
23.15 Skemmtikraftur inn
(This Is My Life)
Gamanmynd um konu sem á sér þann draum að slá í gegn sem skemmtikraftur. En það er hægara sagt en gert að skapa sér nafn á þessu sviði og ekki auðveldar það konunni að þurfa jafnframt að gegna móðurhlutverkinu. *Aðalhlutverk: Julie Kavner, Samantha Mathis, Carrie Fisher, Gaby Hoffman og Dan Akroyd.*
00.45 Dagskrárlok og skjáleikur

MÁNUDAGUR 23. NÓVEMBER 1998

****** Skjáleikur**
17.00 Í ljósaskiptunum
17.30 Ítölsku mörkin
17.50 Ensku mörkin
18.45 Sjónvarpsmarkaðurinn
19.00 Hunter (e)
19.55 Enski boltinn
Bein útsending frá leik ***Everton*** og ***Newcastle United*** í ensku úrvalsdeildinni.
21.50 Trufluð tilvera (10:33)
22.10 Stöðin (8:24)
22.35 Á ofsahraða
23.00 Fótbolti um víða veröld
23.25 Svarta beltið
(Black Belt)
Slagsmálamynd um fyrrverandi lögreglumann sem ráðinn er lífvörður rokkstjörnu. Hetjan þarf að kljást við mafíuforingja sem finnst hann eiga hvert bein í rokkstjörnunni og geðveikan mann sem er helsjúkur af ástarþráhyggju. *Aðalhlutverk: Don Wilson.*
00.50 Í ljósaskiptunum (e)
01.15 Dagskrárlok og skjáleikur

ÞRIÐJUDAGUR 24. NÓVEMBER 1998

****** Skjáleikur**
17.00 Í ljósaskiptunum
17.25 Dýrlingurinn
18.15 Sjónvarpsmarkaðurinn
18.30 Ofurhugar
19.00 Knattspyrna í Asíu
20.00 Brellumeistarinn (18:21)
21.00 Stóri vinningurinn
(The Only Game In Town)
Fran er dansmær í glitrandi spilasölum Las Vegas. Hún hittir Joe, pianóleikara sem haldinn er óstöðvandi spilafíkn. Bæði eru þau að bíða, hún eftir manninum sem hún elskar, hann eftir að fá stóra vinninginn. *Aðalhlutverk: Elizabeth Taylor, Warren Beatty og Charles Braswell.*
22.50 Enski boltinn
23.50 Óráðnar gátur (e)
00.35 Í ljósaskiptunum (e)
01.00 Dagskrárlok og skjáleikur

Netfang ritstjórnar
bb@snerpa.is

KAUP & SALA
ÓKEYPIS SMÁAUGLÝSINGAR

Óska eftir að kaupa notaða þvottavél, barnarúm, vagn eða barnakerru. Uppl. í síma 456 3520 eftir kl. 19.

Til sölu er **Emmaljunga** kerra, bílstóll fyrir sex mánaða og eldri og skíðaklossar nr. 36. Upplýsingar í síma 456 3478.

Til sölu eða leigu er 4ra herb. íbúð í tvíbýlishúsi á Eyrinni. Upplýsingar í síma 566 8933 á kvöldin.

Gulli sendill óskar eftir vinnu við að sendast fyrir leikskólana á Ísafirði fyrir jólin, s.s. að fara með eða sækja póst eða sendast með stóra sem smáa pakka. Hægt er að ná í Gulla í síma 456 4184 í hádeginu og í vinnusíma 456 5460 á morgnana eða í símaboða 845 3626.

Til sölu er Caterpillar D6C, 120 hestafla **jarðýta**, árg. ´67 með ripper, Volvo F10 **búkkabíll** með góðum palli árg. ´78 og GMC Astro 9500 **stellbíll** með stól, árg. ´74. Uppl. í síma 892 3093.

Óska eftir 130 sm **skíðum** og skíðaskóm nr. 36-37 til kaups. Upplýsingar í síma 456 4164.

Óskum eftir 3-4ra herb. íbúð til leigu frá 1. des. eða 1. jan. Uppl. í síma 461 4036 eftir kl. 12 á daginn.

Til sölu eða leigu er einbýlishúsið að Dísarlandi 6 í Bolungarvík. Með húsinu er sólskáli og tvöfaldur bílskúr. Mjög sanngjörn leiga. Uppl. gefur Jón Bæring í símum 453 6374 eða 455 4557.

Til leigu 4ra herb. íbúð á Eyrinni á Ísafirði. Upplýsingar í símum 567 8121 eða 897 6785.

Dagmamma eða einhver sem getur tekið að sér að passa tvö börn, 1 árs og 4 ára, frá klukkan 8-14 virka daga er vinsamlegat beðin að hafa samband við Ástu í síma 456 4178.

Til leigu er lítil 2ja herbergja íbúð. Aðeins reglusamir leigjendur koma til greina. Upplýsingar í síma 456 3016 eftir kl. 19.

Tilboð óskast í húseignina að Hjallavegi 4 á Ísafirði. Gott hús á góðum stað. Mjög gott útsýni. Upplýsingar gefa Þorgerður eða Guðmundur í síma 456 3107.

Til sölu er vel með farinn Subaru 1800, 4x4, árg. 1988, ekinn 163 þús. km. Á nýjum nagladekkjum og nýleg sumardekk á felgum fylgja. Geislaspilari og dráttarkrókur. Verð kr. 390 þúsund. Uppl. gefur Oddur í vs. 456 3911 eða hs. 456 4749.

Hlutavelta! Kvenfélagið Hlíf verður með sína árlegu hlutaveltu nk. sunnudag, 22. nóv. kl. 14, í anddyri Grunnskólans á Ísafirði (gengið inn frá skólaportinu). Ath! Breyttan stað og tíma! Kvenfélagið Hlíf.

Tveir húslyklar á kippu með rauðu spjaldi töpuðust einhvers staðar niðri í bæ á Ísafirði. Finnandi er vinsamlegast beðinn að skila þeim á lögreglustöðina á Ísafirði.

Til sölu er **Fiat Panda**, 4x4, árg. 1984, ekinn 127 þús. km. Verð kr. 25 þúsund. Uppl. í síma 456 3421.

Til sölu er **Motorola Slimligt** sími. Hleðslutæki og taska fylgir. Mjög vel með farinn sími. Upplýsingar gefur Elli í síma 895 7291.

Herbalife fæst á góðu verði á meðan birgðir endast. Á sama stað er til sölu rörahillusamstæða og borðstofuborð án stóla. Uppl. í síma 456 7393.

Nú er tækifærið! Til sölu er fyrsta flokks eign á Eyrinni, við Silfurtorg. Falleg 150 m² íbúð, fallegt útsýni. Uppl. í síma 456 3929.

Skór voru teknir í **misgripum** föstudaginn 13. nóv. á heilsugæslustöðinni. Skórnir eru nr. 40 en í staðinn voru skildir eins skór nr. 38. Sá sem tók skóna hringi í síma 456 4060 eða 456 4971.

FRUMMYND - VÍDEÓHÖLLIN
við Norðurveg, sími 456 4853
Opið mánudaga - föstudaga
frá kl. 13:00-23:30,
laugardaga kl. 11:00-23:30
og sunnudaga kl. 14:00-23:30

Full búð af nýjum geisladiskum m.a:
Stuðmenn – Bubbi
Belatrix – Ný Dönsk
Land og Synir – Unun
Bang Gang – Sálin
Sóldögg – Vilhjálmur
Diddú – Pottþétt jól 2
U2 – Dire Straits
REM George Michael
Glæsilegt safn John Lennons og fl., og fl.

Sjónvörp, Myndbandstæki, Heimabíó, Örbylgjuofnar, Brauðvélar, Hljómflutnings-samstæður og margt, margt fleira.

Persónuleg þjónusta!

Atvinna

Starfskraftur óskast í 50% starf á tannlæknastofnuna á Ísafirði.

Upplýsingar í síma 456 3737.

SÖLUAÐILI GERVIHNATTA-BÚNAÐAR FRUM-MYND VIÐ NORÐURVEG SÍMI 456 4853



Horfur á fimmtudag:
Austan gola eða kaldi, rigning um mestallt land og hiti 1-6 stig, mildast suðvestan til.
Horfur á föstudag og laugardag:
Allhvöss eða hvöss Suðaustan átt, rigning og hiti 3-8 stig.
Á sunnudag og mánudag:
Suðvestan átt og skúrir sunnan og vestan til á landinu en að mestu þurrt á Norðausturlandi. Fremur milt í veðri.

BEINAR ÚTSENDINGAR SJÓNVARPSSTÖÐVA

RÍKISSJÓNVARPIÐ

Laugardagur 21. nóvember kl. 14:25
Þýska knattspyrnan
Laugardagur 21. nóvember kl. 16:15
Grótta/KR - ÍR
Sunnudagur 22. nóvember kl. 16:55
Bein útsending frá svigi karla í Park City í Bandaríkjunum þar sem Kristinn Björnsson er meðal keppenda.

STÖÐ 2

Laugardagur 21. nóvember kl. 14:45
Enski boltinn

SJÓNVARPSSTÖÐIN SÝN

Miðvikudagur 18. nóvember kl. 19:50
England - Tékkland (knattspyrna)
Laugardagur 21. nóvember kl. 02:00
Hnefaleikar: Oscar de la Hoya gegn Ike Quartey
Sunnudagur 22. nóvember kl. 15:45
Derby County - West Ham United
Sunnudagur 22. nóvember kl. 19:25
AC Milan - Lazio
Mánudagur 23. nóvember kl. 19:55
Everton - Newcastle United

TV 1000

Laugardagur 21. nóvember kl. 21:30
Hnefaleikar: Oscar de la Hoya gegn Ike Quartey

CANAL+ NOREGUR

Laugardagur 21. nóvember kl. 14:50
Enski boltinn
Sunnudagur 22. nóvember kl. 15:55
Derby County - West Ham United

EUROSPORT

Fimmtudagur 19. nóvember kl. 17:00
Svig kvenna í Park City 1. umf.
Fimmtudagur 19. nóvember kl. 20:00
Svig kvenna í Park City. 2. umf.
Föstudagur 20. nóvember kl. 17:00
Svig karla í Park City. 1. umferð
Föstudagur 20. nóvember kl. 20:00
Svig karla í Park City. 2. umf.
Laugardagur 21. nóvember kl. 15:00
Írland - Rúmenía í rugby

Skallagrímur
föstudaginn
20. nóvember kl. 20.00
íþróttahúsinu Torfnesi

ÓHÁÐ FRÉTTABLAÐ Á VESTFJÖRÐUM

Bæjarins besta

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Fax 456 4564 • Netfang: bb@snerpa.is • Verð kr. 200 m/vsk

Getraunanúmer
er 408

Jón Bjarni Geirsson lögreglumaður lenti í grjótskriðu á Óshlíðarvegi

Rétt slapp undan 40 tonna bjargi

Jón Bjarni Geirsson, lögreglumaður á Ísafirði, slapp ómeiddur, þegar um 40 tonna bjarg lenti rétt fyrir aftan bifreið hans um kl. 8 á fimmtudagsmorgun í síðustu viku.

Jón Bjarni var á leið í vinnu á Ísafirði og var nýkominn inn á Óshlíðarveg þegar grjótskriðan féll á bílinn. Hann varð var við stóran skugga koma niður undir bílinn og í sömu andrá skullu grjóthnullungar á bílnum. Hægri hlið bílsins skemmdist þónokkuð og báðar hliðarrúður farþegamegin brotnuðu og grjót kom inn í bílinn.

Þegar Jón Bjarni varð var við skuggann, steig hann bensíngjöfina í botn og er talið að sú ákvörðun hafi bjargað lífi hans. Bjargið féll úr Óshólum og vó það 40-50 tonn samkvæmt mælingum Vegagerðarinnar. Ekki voru til nógu öflug tæki á svæðinu til að fjarlægja bjargið og þurfti því að sprengja það áður en því var ýtt í sjó fram. Talið er líklegt að frostþensla hafi komið bjarginu af stað og það tekið með sér lausagrjót.



Guðbjartur Ólafsson, starfsmaður Vegagerðarinnar við bjargið sem vó 40-50 tonn.

Eins og sjá má, brutu grjóthnullungar sér leið inn í bílinn og lentu í farþegasætunum, m.a. við hlið Jóns Bjarna Geirssonar.



Sex sæta leður-hornsófi kr. 98.000.-

HÚSGAGNALOFTIÐ
SÍMI 456 4566 • SKEIÐI 1 • 400 ÍSAFJÖRÐUR

Þarfaþing á Þingeyri

Á vespu í skólann

Það er ekki algengt að sjá fólk á ferð á vespum á Íslandi á seinni árum. Á Þingeyri getur þó oft að líta ungan mann á ferð um götur bæjarins á vespunni sinni, að sjálfsögðu með hjálm á höfði og oft með skólatöskuna á bakinu. Það er Róbert Aron Pálmason, nemandi í 10. bekk Grunnskóla Þingeyrar, en fallega hvíta vespan hans er eldri en hann sjálfur.

Nú eru fjörutíu ár frá því að þessi sérkennilegu bifhjól sáu fyrst dagsins ljós á Ítalíu. Það sem helst greinir vespurnar frá venjulegum skellinöðrum eru lítil hjól, mótorinn við afturhjólið, hlífðarplatan að framan og pallurinn fyrir fæturna.

Róbert Aron Pálmason á vespunni sinni. Hann tyllti sér á hana fyrir myndatöku fyrir utan skólann í frímínútum, en þegar hann ferðast á þessum kjörgrip er hann ævinlega með hjálm, eins og vera ber.

Vespur annarrar tegundar en þessi eru orðnar algengari á Íslandi á seinni árum. Þær fljúga og stinga og nefnast öðru nafni geitungar.

Eló í viðræðum við Baug-Aðföng ehf.

Bónusverð í Eló?

Samkvæmt heimildum BB standa nú yfir samningaviðræður milli Miðbrúnar ehf. á Ísafirði, sem rekur verslanirnar Eló í Ljóninu og í Hnífsdal og Björnsbúð á Ísafirði, og Baugs-Aðfanga ehf. í Reykjavík, sem er sameiginlegt innkaupafyrirtæki Hagkaups, Bónuss og Nýkaupa.

Viðræður þessar miða að því, að Eló-búðirnar fái vörur frá Baugi-Aðföngum, en það mun væntanlega þýða bæði lægra vöruverð og aukið vöruúrval. Niðurstaða í þessu máli mun væntanlega liggja fyrir á næstu dögum.

Sérstakt eftirlit með umferð við leikskólana

Um þessar mundir er lögreglan á Ísafirði með sérstakt eftirlit með umferð við leikskólana í Ísafjarðarbæ, bæði hvernig fólk leggur bílunum við skólana og hvernig það gengur frá börnunum sínum í bílunum.

Það hefur vakið athygli lögreglunnar, að þeir sem eru á fyrirtækjabílum ganga miklu síður frá börnunum með lögmæltum og tryggum hætti í bílunum og eru miklu síður með barnabílstóla en þeir sem eru á einkabílum. Svo virðist að ýmsir haldi að það sé frekar í lagi að henda börnunum lausum inn í fyrirtækjabíla en aðra.

Einnig eru hnökrar á því, hvernig fólk leggur bílum við leikskóla. Vegna þess hvað foreldrarnir stoppa þar stutt, er eins og það sé ekki talið skipta neinu máli hvar eða hvernig bílnum er lagt.



Annar flóttamaður gengur laus!
Frum-mynd Vídeóhöllin
Þar sem úrvalið er!

1978-1998 20 ár
Innanlands-farseðlarnir fást hjá okkur!
1978-1998 20 ár
Samvinnuferðir-Landsýn
Söluskrifstofa • Hafnarstræti 7
Ísafirði • Sími 456 5390

ANNAR FLÓTTAMAÐUR GENGUR LAUS!



ÞÉR ER ÓHÆTT AÐ BIÐJA FYRIR ÞÉR!



ÞEIR VILJA LEIKA VIÐ ÞIG!

HAMRABORG
Sími: 456 3166